

Útgáfa

Titilsíða

- I. Vita menn nokkuð með vissu?
- II. Sannleikurinn í þessum efnum
- III. Hreinsunareldurinn
- IV. Himnaríki
- V. Híbýlin mörgu
- VI. Vinir vorir á himnum
- VII. Verndar englar
- VIII. Starfandi menn í ósýnilegum heimi
- IX. Að hjálpa framliðnum

Útgáfa

Charles Webster Leadbeater:
Lífið eftir dauðann

Þýðandi:

Sigurður Kristófer Pétursson

Útgefandi:

Björn Jónsson, Akureyri 1917

Útgefandi rafbókar:

Ljósgeislar ehf

Vefsíða: ljósgeislar.is

ISBN: 978-9979-9972-3-8

Rafbókin er ókeypis.

C. W. LEADBEATER:

LIFIÐ EFTIR DAUÐANN

ÞÝTT HEFUR
SIG. KRISTÓFER PÉTURSSON.



AKUREYRI
PRENTSMÍÐJA BJÖRNS JÓNSSONAR
1917.

I. Vita menn nokkuð með vissu?

Öllum mönnum ætti að vera það hið mesta kappsmál að ganga úr skugga um, hvort til sé líf eftir dauðann. Og það er ekki aðeins vegna þess, að eitt sinn skal hver deyja, heldur miklu fremur fyrir það, að varla er nokkur sá maður kominn svo til vits og ára, sem hefur ekki einhverntíma mist – sem kallað er – vin eða vandamann inn um dauðans hlið. Ef hægt er að fá nokkra vitneskju um lífið eftir dauðann, er ekki nema ósköp eðlilegt, að mönnum sé það allmikið áhugamál.

En mörgum manni verður fyrst að orði, er hann sér bók með þessu eða þvílíku heiti: „Ja, ætli menn viti nokkuð um lífið eftir dauðann?“ Trúarbrögðin hafa haldið fram all sundurleitum kenningum um lífið hinumegin grafar. En jafnvel heit-trúuðustu mennirnir virðast ekki leggja mikinn trúnað á þær kenningar. Það sést einna ljósast á því, að þeir tala iðulega um dauðann sem hinn mikla „óvin“ og skoða hann sem hinn ægilegasta leyndardóm. Auðvitað tala þeir jafnframt um, að ástvinir þeirra séu, „sofnaðir“ í Kristi; en eftir öllum útfararsíðum að dæma verður ekki séð, að þeim sé svefn sá mikið fagnaðarefni, því að alt sem að greftruninni lýtur, miðar til þess að sýna, að mikla sorg og ógæfu hafi að höndum borið. Slík ósamkvæmni og hugsanareykur er oss illur arfur, sem vér höfum fengið frá undangengnum kynslóðum. En vér erum nú einu sinni orðnir svo vanir hinum harmæsandi útfararsíðum, að vér eigum erfitt með að sjá, hversu afkárlegir þeir eru og ósamboðnir vorum tímum. Í fornöld voru menn að mun hyggjari í þessum efnum; þá gerðu menn dauðann ekki eins skuggalegan og nú; og ef til vill var það meðfram af því, að þá tíðkaðist önnur og betri aðferð til þess að uppleysa líkamann, aðferð, sem var þeim ólíkt betri, sem skildi við hann, og sömuleiðis eitthvað hollari fyrir þá, sem eftir lifðu, auk þess sem þeir þurftu ekki að láta hugann dvelja við rotnaðan líkama ástvina sinna niðri í moldinni. Í fornöld vissu menn meira um lífið eftir dauðann, og af því að þeir vissu meira, hörmuðu þeir minna.

Vér verðum fyrst af öllu að gera oss ljósa grein fyrir því, að dauðinn er, og hlýtur líka að vera, alveg eðlilegur atburður í lífi voru. Og þetta er ekki nema það sem hver maður hefði átt að geta sagt sér sjálfur. Því að ef vér trúum annars á guð sem kærleiksríkan föður, þá ættum vér að minsta kosti að geta gert ráð fyrir, að dauðinn, sem liggur fyrir oss öllum, getur ekki verið neinn óheilla-atburður í æfi manna. Hvort sem vér erum hérna eða hinumegin grafar, þá erum vér jafnóhultir í höndum höfundar tilverunnar. Trúin á guð hefði ein átt að nægja til þess að útrýma öllum ótta og kvíða fyrir dauðanum, og koma mönnum í skilning um, að hann er aðeins nauðsynlegt skref á framfarabraut vorri. Kristnar þjóðir ættu ekki að þurfa að láta guðspekina koma og kenna þeim að líta rétt á dauðann, skoða hann sem vin, en ekki sem óvin. Og þær hefðu heldur ekki þurft þess, ef kristindómurinn hefði ekki glatað mörgum hinum beztu erfðakenningum sínum. Það er orðið að vanaviðkvæði með kristnum mönnum, að yfir dauðadjúpið komi enginn aftur. Í augum meginþorra manna er dauðinn geigvænlegt kafhlaup ofan í eitthvað – eitthvert

myrkradjúp, sem enginn botnar í. Í þessum efnum, – eins og svo mörgu öðru, flytur guðspekin fagnaðarboðskap til Vesturlanda. Hún kemur með þau tíðindi, að hinumegin grafar sé ekkert órannsakanlegt myrkur, heldur ljósheimur, þar sem látnir ástvinir vorir eru enn á lífi. Og oss getur gefizt kostur á að sjá og athuga þetta nýja heimkynni þeirra að sínu leyti eins og vér getum séð og athugað húsinn og göturnar, þar sem vér sjálfir eigum heima. Vér höfum undanfarið hrætt sjálfa oss með ímynduðum og óeðlilegum hugmyndum um dauðann. Oss hefur farið líkt og börnum, sem segja hvert öðru draugasögur, þangað til þau þora sjálf ekki um þvert hús að ganga. En vér þurfum ekki annað en afla oss ábyggilegrar þekkingar í staðinn fyrir að vaða í villu og svima í þessum efnum; þá hverfur öll þessi hjátrúarkenda myrkfælni við dauðann eins og af sjálfu sér. Vér eigum ekki dauðann yfir oss sem ægilegan skuggavald, hann er engin beinagrind með sigð í hendi, reiðubúinn til að höggva sundur lífsþráð vorn. Það mætti miklu fremur líkja honum við skínandi engil, er heldur á gullykli og lýkur upp fyrir oss og leiðir oss inn á fegri, æðri og fullkomnari tilverustig.

En eg geri nú ráð fyrir að sumir muni segja sem svo: „Já, þetta lætur nú allvel í eyrum. En hvernig getum vér gengið úr skugga um, hvort þetta er satt og rétt?“ Menn geta aflað sér ábyggilegrar þekkingar á þessum efnum með ýmsu móti. Það má heita að sannanirnar fyrir lífinu eftir dauðann séu alveg við hendina, ef menn vilja aðeins hafa fyrir því að safna þeim saman og athuga þær. Það er til dæmis óhætt að fullyrða, að í öllum þeim löndum, sem byggð eru, er hægt að fá áreiðanlegar sagnir og sannanir fyrir því, að menn *hafi* komið aftur yfir dauðadjúpið, eða með öðrum orðum: birzt eftirlifandi ástvinum sínum eða félögum. Ef þeir koma þannig aftur, nefnum vér þá *svipi* eða *vofur*. Sú var tíðin, að enginn þótti maður með mönnum, sem henti ekki gaman að öllum slíkum sögum. Það var talið bera vott um ófyrirgefanlega heimsku og hjátrú að gera ráð fyrir, að nokkur fótur væri fyrir hinum svo nefndu svipa- eða vofusögum; en nú er öldin önnur. Það hefir dregið ótrúlega mikið úr öllu slíku hjátrúarhjali, síðan vísindamenn eins og til dæmis þeir Sir William Crookes og Sir Oliver Lodge og ýmsir fleiri mikilsmetnir menn, og þar á meðal Balfour forsætisráðherra Englands, gerðust ötulir starfsmenn þess félagsskapar, sem hefir unnið af kappi að því að rannsaka öll slík fyrirbrigði. Menn geta nú lesið skýrslur sálarrannsóknafélagsins brezka. Í þeim er hægt að fá allríkar sannanir fyrir því, að framliðnir menn hafi birzt eða lífi eftir dauðann. En svo geta menn líka lesið frásögur þær, er ýmsir merkir menn hafa safnað, t. d. bók eina eftir Mr. Stead, er heitir: *Real Ghost Stories* – þ. e. „sannar svipasögur“, eða rit frakkneska stjörnufræðingsins, Camille Flammarions: *L'Inconnu* – þ. e. „hið óþekta“. Og eg trúi ekki öðru, en að menn geti fengið í ritum þessum ábyggilegar sannanir fyrir framhaldi lífsins eftir dauðann, og komizt jafnvel að þeirri niðurstöðu, að það sé ekki svo ýkja sjaldgæft, að framliðnir menn hafi birzt; ekki aðeins einhverntíma í fyrndinni, og í fjarlægum löndum, heldur beinlínis nú á vorum dögum. Framliðnir menn hafa birzt körlum og konum, sem eru enn á lífi, og vér

getum fundið, spurt spjörunum úr, og fengið óyggjandi sannanir fyrir sannleiksgildi frásagnanna.

En svo er til önnur leið til þess að afla sér sannana fyrir lífinu eftir dauðann. Menn geta kynt sér aðferðir sambandstrúarmanna. Eg veit að sumir hugsa sem svo, að á því sé lítið að græða, þær séu ekki annað en svik og prettir. En það vill nú svo vel til, að eg get borið vitni um hið gagnstæða. Eg veit vel, að svik og prettir geta átt sér stað, og meira að segja, hafa átt sér stað, með þeim eins og svo mörgum öðrum; en eg þori hiklaust að fullyrða, að ef menn beita aðferðum þeirra, til þess að komast í samband við annan heim, geta þeir – ef þá skortir hvorki tíma né þolinmæði – gengið úr skugga um, hvort til er líf eftir dauðann. En svo geta menn líka kynt sér rit sambandstrúarmanna. Þó mun flestum reynast affarasælla að rannsaka sjálfir og styðjast sem minst við sögusögn annara manna. Sumir segja að þeir hafi hvorki tíma né löngun til þess að liggja yfir því að rannsaka þau fyrirbrigði, sem gerast á tilraunafundum sambandstrúarmanna. Og það er þá ekkert við því að gera. Hitt er annað mál, að þeir hinir sömu eru engir menn til þess að etja vanþekkingu sinni í gegn reynsluþekkingu þeirra manna, sem hafa haft löngun, tíma og tækifæri til þess að ganga úr skugga um, að hægt er að komast í samband við annan heim.

En svo er líka til þriðja leiðin; og þá leið velja flestir guðspekinemendur. Og hún er sú að leggja kapp á að gera sjálfan sig hæfan til þess að sjá og athuga hin æðri tilverustig. Með hverjum manni leynist sem sé sá skynjunarhæfileiki, er getur gert hann færán um að sjá, það sem vér gætum kallað, út yfir gröf og dauða. En til þess að öðlast þá skynjun, verða menn að leggja rækt við hana, hafa sérstakar æfingar um hönd.

Allmörgum guðspekinemendum hefir tekizt að þroska hjá sér þessa æðri sjón eða skynjun. Það sem hér fer á eftir, er árangurinn af mínum eigin rannsóknum, eg skýri hér að eins frá því, sem eg hef sjálfur séð og athugað. Eg geri ráð fyrir að mörgum muni þykja þetta allgífurleg staðhæfing – staðhæfing, sem þeir eiga ekki að venjast að heyra frá ræðustólum þeirra manna, sem fjalla aðallega um eilífðarmálin. Þeir segja alloftast: “Þetta kennir kirkjan”; „svo segir heilög ritning,“ o. s. frv. En þeir verða færri sem segja: „Eg get sjálfur frætt yður um lífið eftir dauðann, því að eg hef sjálfur séð og athugað hinn æðri heim og veit hvað eg segi, er eg ræði um slíka hluti.“ Vér guðspekingar fræðum yður um lífið eftir dauðann, en vér styðjumst ekki við annað en það, sem vér höfum sjálfir séð og athugað. Og ef yður væri það mikið kappsmál að fá skygnst inn yfir landamæri annars heims, þá ættuð þér helzt að gera yður hæfa til þess. Vér skýrum yður frá því, sem vér vitum með vissu, en segjum jafnframt:

„Ef það sem vér segjum yður, samrýmist ekki skynsemi yðar, þá biðjum vér yður fyrir alla muni að leggja engan trúnað á það, að eins af því að vér segjum það. Rannsakið heldur sjálfir að svo miklu leyti sem yður er fært, og ef þér gerið það, munuð þér einhverntíma komast að raun um, að lífið eftir dauðann er enginn leyndardómur. En svo er að líta á árangurinn, er orðið hefir af rannsóknum vorum.“

II. Sannleikurinn í þessum efnunum.

Rannsóknir vorar hafa leitt í ljós, að lífið eftir dauðann er miklu eðlilegra og skiljanlegra en flestar kenningar manna og skoðanir, er að því lúta. Sannleikurinn er sá, að dauðinn gerir enga skyndilega breytingu á einum eða neinum. Menn líða ekki eins og reykur upp í einhverja himinhvelfingu handan við stjörnurnar um leið og þeir skilja við. Og menn eru hinir sömu eftir dauðann og þeir voru í lifandi lífi. Vitsmunir þeirra eru hinir sömu, og sama er að segja um eðlisfar þeirra og tilfinningalíf. Og ástand þeirra eftir dauðann er árangurinn af hugrenningum þeirra og tilhneigingum hér í heimi. Menn hljóta hvorki neina umbun né refsingu eftir andlátíð. Það, sem fram við þá kemur hinumegin grafar, eru aðeins hinar óhjákvæmilegu afleiðingar af hugrenningum þeirra, orðum og athöfnum hér í heimi. Hver maður ræður því sjálfur, hvernig hann býr í haginn fyrir sig eftir dauðann.

Vér verðum nú fyrst og fremst að átta oss á því mikilvæga atriði, að vér eigum ekkert kynjalíf í vændum eftir dauðann, heldur aðeins eðlilegt áframhald af þessu lífi, sem vér lifum hér. Og látnir vinir vorir eru ekki horfnir frá oss í raun og veru; þeir dvelja hjá oss að heita má öllum stundum. Aðskilnaðurinn er fólgin í því, að vér verðum þeirra ekki varir á meðan vér vökum. Vér höfum ekki mist þá, en að eins mist sjónar á þeim. En vér getum þó hæglega séð þá og talað við þá nú eins og á meðan þeir lifðu jarðnesku lífi. Og í rauninni hafa allir meiri og minni kynni af látnum ástvinum sínum, þó þeir séu færri sem muna það.

Menn geta að vísu lært að flytja til meðvitund sína og festa hana, sem kallað er, í sálarlíkama sínum í vöku, en til þess þurfa menn að hafa tekið sérstökum sálarþroska og meginþorri manna gerir það ekki á stuttum tíma. En á meðan jarðneski líkaminn sefur, starfa menn að meira eða minna leyti í sálarlíkamanum, og eru þá hjá hinum látnu ástvinum. Stundum rekur þá óljóst minni til þess, að þeir hafi hitt þessa vini sína, og segja þá að sig hafi dreymt þá. Hitt er þó miklu oftast, að þeir muna ekkert af því í vöku, sem þeir hafa heyrt og séð í sálarheiminum, og hafa þar af leiðandi enga hugmynd um, að þeir hafi verið hjá hinum látnu vinum sínum.

Það er þó áreiðanlegt, að einlæg ást og vinátta nær út fyrir gróf og dauða. Og þá er menn losna úr viðjum jarðneska líkamans, hvort sem það er í svefni eða dauða, þá hverfa þeir þegar í stað til þeirra sem þeir elska eða hafa miklar mætur á. Svo þegar á alt er litið, kemur dauðinn aðeins því til leiðar, að þeir sem elskast eru samvistum á nóttunni í sálarheiminum í stað þess að vera samvistum á daginn hér í heimi.

Menn geta hugsað, talað, heyrt, séð og starfað í öðrum heimi, hitt er annað mál, að þeir eru tiltölulega fáir, sem muna það í vöku, sem fyrir þá hefur borið á öðru tilverustigi. En hvort sem þú manst eftir því, að þú hafir fundið vin þinn í öðrum heimi eða ekki, þá getur þú verið viss um, ef með ykkur hefur verið einlæg ást eða vinátta, að þá er hann í nánd við þig bæði daga og nætur. Eina breytingin, sem á honum hefur orðið, er sú, að hann hefur

afklæðst hinum jarðneska líkama. En hann er sami maðurinn eftir sem áður, nema hvað hann er nú frjálssari ferða sinna og getur á svipstundu farið hvert á land sem hann vill. En eins og áður er sagt, eru vitsmunir látinna manna og tilfinningar í engu breyttar; þar af leiðandi elska þeir þá sem þeir hafa elskað. Vitsmunir manna og tilfinningalíf tilheyra ekki hinum jarðneska líkama, sem lagstur er til hinnar hinstu hvíldar. Látinn maður hefur lagt af sér hinn ytri og sýnilega búning, og lifir í öðrum líkama en hann er eins fær um að hugsa og elska eins og áður.

Eg veit að meginþorri manna á erfitt með að skoða nokkuð sem verulegt, ef þeir geta ekki séð það með sínum eigin augum. Og menn eiga yfirleitt erfitt með að gera sér glögga grein fyrir því, hversu hin líkamlega sjón vor er afar ófullkomin. Vér lifum sem sé í heimi, sem vér sjáum ekki nema örlítið brot af, eða með öðrum orðum: sjáum aðeins tiltölulega örfáa hluti af öllu því, sem er í þessum jarðneska heimi vorum. Vísindin segja oss skýrt og skorinort að til séu óteljandi lifandi smávaxnar verur til dæmis gerlar og annað því um líkt, sem eru smærri en svo, að augu vor geti greint þær. Og þó stoðar ekki að láta eins og þessar verur séu ekki til. Vér verðum að kosta kapps um að afla oss þekkingar á eðli þeirra og lífsskilyrðum, því að undir þeim er komin heilsa vor og jafnvel líf vort hér í heimi. En skynjun vor er einnig takmörkuð að öðru leyti. Vér getum til dæmis ekki séð loftið, sem vér öndum að oss og umhverfis oss er. Skilningarvit vor veita oss enga vitneskju um það, nema þegar það er í hreyfingu og vér verðum fyrir þrýstingu af því. Og þó er í því fólgið slíkt heljarafli, að það getur fært stærstu hafskip í kaf og feykt um stórhýsum. Vér þurfum því ekki langt að leita til þess að ganga úr skugga um, að til eru hlutir og öfl, sem dyljast augum vorum. Og vér verðum að varast þá alt of almennu villu að telja sjálfum oss trú um, að það sem vér sjáum, er alt og sumt sem til er.

Það mætti til sanns vegar færa að segja, að meðvitund vor, það er að segja vér sjálfir, séum lokaðir inni í húsi með örfáum gluggum á, og gluggarnir á húsinu því eru skilningarvitin. Vér getum því horft í nokkrar áttir, en svo eru aðrar, sem vér sjáum ekki í og vitum því ekki hvað gerist á þeim svæðum, sem liggja fyrir utan, ofan eða neðan skynjunarsvið þessara líkamlegu skilningarvita. Skynjun sú, sem vér nefnum dulskygni eða sálarsjón, opnar oss nýtt skynjunarsvið, svo að vér sjáum yfir meira svæði af umhverfinu. Og þegar menn verða dulskygnir, virðist þeim sem þeir sjái inn í nýjan heim, en sannleikurinn er sá, að þeir sjá aðeins meira af því, sem er og gerist í þessum gamla heimi. En þennan ósýnilega hluta hans nefnum vér venjulegast annan heim eða annað tilverustig.

Og hvað mundum vér sjá, ef vér litum inn í þennan nýja heim? Vér skulum nú gera ráð fyrir að einhver vinur vor væri nú alt í einu horfinn inn í sálarheima. Hvað mundi þá helzt vekja athygli hans? Fljótt á litið sýndist honum alt vera eins og hann hafði vanizt því í þessum heimi. Hann yrði ekki var við neinar stórvægilegar breytingar á neinu. Og vér skulum nú athuga hvernig á því stendur, að menn verða ekki undir eins varir við mikilvægar breytingar, er þeir flytjast yfir á hið annað tilverustig. Vér getum þó ekki gefið hér fullnaðarskýringar, því til þess þyrfti að rita all ítarlega um sálarheima-eðlisfræði. Alt

efni sálarheima greinist í mismunandi þéttleikastig, eins og efni þessa heims. Þar af leiðandi er í þeim það, sem kalla mætti föst, fljótandi og loftkend efni. Og allar efnistegundir æðri heima standa í nánú sambandi við samsvarandi efnistegundir þessa heims. Þar af leiðandi mundi vinur vor horfa á stofuþilin í herberginu, sem hann skildi við í, og sömuleiðis sjá þar húsgögnin. Auðvitað sæi hann ekki hinar jarðnesku efnistegundir þessara hluta, heldur efnistegundir þær, sem tilheyra sálarheimum og eru í þessum hlutum; þær móta einskonar eftirmyndir af hinum jarðnesku hlutum, og að sínu leyti eins og vatn í vatnsfylltum þvottasvampi hefur sömu lögun og hann. En ef vinur vor athugaði hlutina vel og vandlega, mundi hann sjá frumagnirnar í þeim á hraðri og sýnilegri hreyfingu í staðinn fyrir ósýnilega hreyfingu í jarðneskum hlutum. En þeir menn eru tiltölulega fáir, sem athuga það vel og vandlega, sem þeir sjá, og því er það, að margur maður áttar sig ekki þegar eftir dauðann, að nokkur breyting hafi orðið á högum hans. Þegar hann fer að svipast um, sér hann sama herbergið, sem hann var í og þá sem hann hefur ef til vill elskað og standa nú við banabeð hans. Menn hafa sem sé sálarlíkama í lifanda lífi, og látinn maður sér sálarlíkama þeirra, þótt hann hafi mist sjónar á hinum jarðneska líkama þeirra. En smátt og smátt kemst hann þó að því, að einhver gagnger breyting hefur á honum orðið. Til dæmis kemst hann að raun um, að hann finnur ekki framfarir til líkamlegs sársauka eða þreytu. Og ef menn geta gert sér nokkurn veginn ljósa grein fyrir, hvílík breyting til batnaðar það er, fá þeir þegar dálitla hugmynd um, hvað hið æðra líf er í raun og veru. Reyndu að gera þér sem ljósasta grein, þó ekki væri, nema fyrir þessu eina atriði, þú, sem hefur ekki af öðru en stríði og erfiðleikum að segja, og hefur varla mátt gefa þér hæfilega langan hvíldartíma árum saman. Í öðrum heimi hlýtur þú þá hvíld, sem þú hefur þarfnast hér og finnur þar aldrei til sársauka né þreytu. Hér í álfu er skilningi manna á ódauðleikakenningunni víða svo ábótavant, að margir látnir menn telja það víst, að þeir lifi jarðnesku lífi sökum þess að þeir geta hugsað: „Eg er ekki dauður,“ er vana viðkvæðið hjá mörgum. „Eg lifi nú eins og eg hef lifað, og er meira að segja miklu betur lifandi nú en nokkru sinni áður.“ Og það er auðvitað satt, sem þeir segja, en það hefði ekki átt að koma svo flatt upp á þá, ef þeir hefðu hlotið ábyggilega fræðslu um lífið eftir dauðann.

Stundum taka þeir þá fyrst eftir því, að þeir geta ekki látið vini sína heyra til sín, jafnvel þótt þeir standi rétt hjá þeim, og sömuleiðis geta þeir ekki fest hendur á þeim, ef þeir ætla að vekja athygli þeirra á sér með því að koma við þá. Og þó er ekki víst að þeir átti sig á þessu; þeir reyna þá að telja sjálfum sér trú um, að þá sé að dreyma, og vona að þeir vakni bráðum aftur. Svo þegar hinir lifandi vinir þeirra sofna, geta þeir verið með þeim og talað við þá um alla heima og geima eins og ekkert hafi í skorizt. Smátt og smátt komast þeir þó að þeirri niðurstöðu, að þeir séu ekki lengur í lifenda manna tölu, og þá fer þeim mörgum ekki að lítast á blikuna. Og hvers vegna? Auðvitað vegna þess, að það lítið, sem þeim hefur verið kent um lífið eftir dauðann, hefir verið mjög svo ábótavant. Þeir geta þá ekki áttá sig á því, hvar þeir eru eða hvernig í öllu liggur, þegar þeim virðist ekkert koma heim við það sem þeim hafði verið kent. Mörgum manni verður þá eitthvað líkt að orði og

nýlátnum enskum hershöfðingja einum; hann sagði: „Nú, ef eg er dauður, hvar er eg þá? Sé þetta himnaríki, þá þykir mér furðu lítið til þess koma, en ef það er helvíti, þá er það þó miklu skárri en eg bjóst við.“

III. Hreinsunareldurinn.

Þeir menn sem halda á lofti heimskulegum sögum um allskonar grýlur, sem eru ekki til, í stað þess að láta stjórnast af heilbrigðri skynsemi, valda oft bæði sjálfum sér og öðrum alveg ónauðsynlegum ótta og kvíða og jafnvel á stundum sárum andlegum þjáningum. Hin tilhæfulausa guðlöstunarkenning um helvítisbálið hefir til dæmis gert miklu meira ilt af sér en talsmenn hennar fá rent grun í. Hinna illu afleiðinga hennar gætir engu síður hinumegin en hérnægin grafarinnar. Það líður þó að jafnaði ekki á löngu, áður en framliðinn maður, sem kvíðir því að lenda í helvíti, hittir einhvern þann látinn mann að máli, sem getur komið fyrir hann vitinu, frætt hann um það, að hann þurfi ekkert að óttast; hann geti lifað á þessu nýja tilverustigi alveg eins eðlilegu lífi og hér í heimi.

Og smátt og smátt kemst hann svo að þeirri niðurstöðu, að jafnvel þó margt sé í þessum heimi, sem hann er nú kominn í, nákvæm eftirmynd af því, sem hann hefir þekt alla æfi, þá er þó líka margt, sem kemur honum mjög nýstárlega fyrir sjónir. Sérstaklega hlýtur það að vekja athygli hans fyr eða síðar, að hugsanir og geðshræringar koma í ljós sem sýnilegir hlutir. Sérhver hugsun birtist sem sé í sérstöku gerfi, sem verður til úr hinum loftkendarí efnun sálarheima. Og eftir því sem hann lifir lengur í sálarheimun, eftir því sér hann öll slík hugsanagerfi betur og betur. Vér verðum sem sé að hafa það hugfast, að eftir því sem lengra líður frá dauða líkamans verður meðvitund manna næmari fyrir öllu því sem hugrænt er. Framför meðvitundarinnar verður með þeim hætti, að hún gerir ýmist að kafa ofan í efnið eða upp úr því aftur, og flytur hún þá upp með sér árangurinn af jarðvist sinni. Ef vér bæðum menn að gera líkingar-dráttmynd af lífskeiði mannsins, mundu flestir að líkindum sýna það með beinni línu og segja, að það byrjaði með fæðingunni og endaði í dauðanum. Aftur á móti mundum vér guðspekinemendur fremur vilja tákna það með breiðum sporbaug, er lægi ofan frá tilverustigi hins innra manns og upp til þess aftur. Baugurinn mundi þá liggja ofan frá neðri hluta hugheima og niður um sálarheima, neðsti hluti hans lægi um þennan jarðneska heim og beygðist svo aftur upp í sálarheima og þaðan upp í hugheima. Baugkaflí sá, er táknaði hið jarðneska líf meðvitundarinnar, yrði ekki nema örlítill hluti af öllum baugnum. Og staðir þeir, sem baugurinn næmi við línu þá, er sýndi landamæri sálarheima og þessa heims, táknaði þá fæðingu og dauða. En þeir hlutar baugsins væru auðsjáanlega ekki þeir, sem mest væri um vert.

Langmikilvægasti hluti hans væri sá kaflinn, sem er lengst frá tilverustigi hins innra manns, þar sem stefnan breytist og beygist aftur upp á við, það sem samsvarar því, sem í stjórnufræði er nefnt sólfirð. Ef rétt er álitíð, er hvorki fæðing vor né dauði hinir mikilvægustu atburðir í lífi voru, heldur miklu fremur það tímabil, þegar aflstraumur sá, sem hinn innri maður hefur veitt inn í hina jarðnesku tilveru stöðvast á framrás sinni og tekur að stefna upp á við aftur. Eða með öðrum orðum: þegar maðurinn fer smám saman

„að hugsa heim” sem kallað er; hann missir þá smátt og smátt áhuga á nautnum þessa heims, og hin sterka lífsþrá sljófgast, eftir því sem aldurinn færir yfir hann; og seinast afklæðist hann jarðneska líkamanum, og líf hans í sálarheiminum byrjar. Og meðan hann dvelur í þeim, heldur hann áfram að lifa meira og meira hugrænu lífi. Afleiðingin verður sú, að hann gefur öllu því í sálarheiminum, sem er eftirmynd hinna jarðnesku hluta, minni gaum, og athygli hans beinist meira og meira að hinum æðri og smágerfari efnistegundum, sem hugsanagerfi hans og annara eru mótuð úr, – það er að segja þau hugsanagerfi, sem eru sýnileg í sálarheiminum. Meðvitundarlíf hans nálgast stöðugt hið rétta heimkynni hugsananna, uns hann missir með öllu sjónar á þeim hlutum sálarheima, sem standa í beinu sambandi við þennan heim. Það er þó ekki svo að skilja, að maðurinn hafi þurft að flytja eitthvað langt í burt, heldur hefir aðeins athygli meðvitundarinnar beinzt inn á við, svo að hann lifir nú meira hugrænu lífi en á meðan hann dvaldi í þessum heimi og hafði hugann fastan við alt hið ytra. Auðvitað eru tilhneigingar hans að miklu leyti hinar sömu, og hlutir þeir, sem sjá má umhverfis hann, eru yfirleitt það, sem hann hefir girnt og girnist. Og hvort hann lifir sælu eða vansælu lífi, er aðallega undir því komið, hverjar tilhneigingar hans og eftirlanganir eru.

Ef vér virðum fyrir oss líf manna í sálarheiminum, sjáum vér hvers vegna trúarbrögðin hafa haldið að mönnum ýmsum siðfræðilegum fyrirskipunum. Flestir menn kannast við að sú breytni vor, sem bakar öðrum þjáning, sé synd. En þeir eru margir, sem telja það mjög vafasamt, hvort nokkuð sé syndsamlegt við það að ala í brjósti sér afbrýði, hatur eða metorðagirni, ef þeir láta ekki tilfinningar þessar koma í ljós í orði né verki. En ef vér athugum lífið hinumegin grafar, getum vér fljótt gengið úr skugga um, að allar slíkar tilfinningar geta haft miklar afleiðingar og illar fyrir þá, sem ala þær hjá sér, því séu mikil brögð að þeim, geta þær sem sé orðið til þess að valda þeim sárum þjáningum eftir dauðann. Þetta kemur einnig glöggvast í ljós, ef vér virðum fyrir oss líf eða ástand vissra manna fyrst eftir dauðann.

Vér skulum þá fyrst virða fyrir oss rollumennið, daufingjann, sem ekkert kveður að í einu né neinu, mann sem er hvorki góður né vondur og hefur ekkert það við sig sem verður með sanni sagt að sérkenni hann annað en meinleysið og daufingjahátturinn. Og hann verður alveg sami daufinginn eftir dauðann. Hann þjáist að vísu ekki hinumegin grafar, en hann hlýtur heldur ekki fyrst í stað neina sérstaka sælu. Og það líður ekki á löngu þangað til honum finst lífið í sálarheiminum vera nokkuð tilbreytingalítið. Það kemur til af því að hann hafði engan sérstakan áhuga á neinu hér í heimi. Sá maður, sem hugsar ekki um neitt nema svona daginn og veginn: bæjarsögur og búsumstang, má búast við að honum geti leiðst fyrst í stað, þar sem hann getur ekki haft framar neina dægrastyttingu af slíku. En þó eru þeir sýnu ver farnir, sem hafa einhverja þá ástríðu til brunns að bera, sem verður ekki fullnægt nema á hinu jarðneska tilverustigi, mætti til dæmis nefna holdlegar girndir og ofdrykkjufýsn. Mennt sem hafa ekki sigrast á slíkum ástríðum, mega eiga það víst að þær fylgja þeim út yfir gróf og dauða; og þær eru jafnvel

margfalt sterkari hinumegin grafar, en þær voru á meðan þær lágu í viðjum jarðneska líkamans og urðu að valda hreyfingum á efnunum hans til þess að geta gert vart við sig.

Í sálarheiminum valda þær þá óslökkvandi ástríðuþorsta, sem verður ekki svalað, þar sem jarðneska líkamann vantar. Við sjáum því að orðið hreinsunareldur er enganveginn illa valið til þess að tákna kvalaástand það sem slíkar ástríður skapa. Miklar ástríður geta vissulega þjád menn mjög lengi á meðan þær eru að “brenna út.“ Og um menn, sem verða ofsakendum ástríðum að bráð, mætti segja að þeir færi illa eftir dauðann. En það er tvent, sem vér verðum jafnan að hafa hugfast. Í fyrsta lagi er sérhver sinnar eigin gæfu smiður og á það við sjálfan sig, hvort hann lætur sér líða vel eða illa eftir dauðann. Engum öðrum en honum sjálfum er um að kenna, ef líf hans verður þá beiskjublandið. Því að ef hann hefir taumhald á ástríðum sínum eða lægri tilhneigingum hér í heimi, þarf hann ekki að óttast þær annars heims. Í öðru lagi er þetta stundar kvalaástand ástríðumannsins hið eina, sem getur losað hann við löst hans. En við löst sinn þarf hann að losna, hvað sem það kostar, því að, ef hann fæddist aftur með ástríður sínar í fullu fjöri, mundi hann verða ánauðugur þræll þeirra alla æfi. Þær mundu hafa hann svo á sínu valdi, að skynsemi hans og hið innra eðli mundi fá engu um þokað. En nú fá ástríður hans og girndir eyðst í hreinsunareldi annars heims, og þegar hann fæðist aftur, er hann laus við þær. Hin innri meðvitund hans hefir lært, að henni ber að forðast slík sjálfskaparvíti framvegis og reynir af fremsta megni að halda hinu lægra eðli í skefjum, svo að hún rati ekki í sama ólánið aftur.

Alt þetta vissu menn til forna og jafnvel fram á blómaöld Grikkja. Vér sjáum því haldið glögt og greinilega fram í líkingar goðsögninni um Tantalos, sem þjádíst af brennandi þorsta. Varð hann að horfa á vatnið umhverfis sig sem sogaðist niður í hvert skifti, sem hann reyndi til að svala þorsta sínum. Margar aðrar ástríður leiða af sér viðlíka vansæluástand, jafnvel þótt það sé með nokkuð öðrum hætti. Vér getum til dæmis gjört oss í hugarlund, hvernig maurapúkanum muni verða innanbrjósts eftir dauðann, þegar hann verður að hætta að nurla saman og veit ef til vill að aðrir koma og sólunda eigum hans, eða þá afbrýðisamur maður, sem þjáist af afbrýði eftir dauðann, en veit ekki hvaða ráð hann á að hafa til þess að koma í veg fyrir að þeir unnist, sem hann vildi sízt af öllu að feldu hugi saman. Flestir kannast við söguna um hann *Sisýfos* í goðafræðinni grísku. Hann varð að velta geysimiklum steini upp eftir fjallshlíð. En þegar hann hélt að hann hefði komið honum upp á brúnina, varð hann að sjá hann velta aftur ofan alt fjallið, og varð því að byrja á nýjan leik að koma honum upp. Dæmisaga þessi á að lýsa ástandi þess manns, sem hefir hugann fastan við jarðnesk metorð og völd eftir dauðann. Hann hefir alla æfi verið að brjóta heilann um það, hvernig hann ætti að koma svo ár sinni fyrir borð, að hann kæmist til auðs og metorða og valdagræðgin yfirgefur hann ekki, þó hann sé kominn yfir í sálarheima. Hann hugsar nú ráð sitt vel og vandlega eins og áður, þangað til hann þykist sjá, hvernig honum muni takast að komast upp á hefðartindinn; en þá fyrst áttar hann sig á því, að hann hefir mist það, sem mest á ríður, sem sé jarðneska líkamann,

og líkamalaus kemst hann aldrei upp í veraldlegan valdasess. Allar hinar miklu frægðar- og valdavonir falla þá hver um aðra þvera, og fyrst í stað sýnast honum þá öll sund lokuð og lífið með öllu einskisvirði. En svo er metorðagirninn rótgróin hjá honum, að hvað eftir annað byrjar hann á nýjan leik og fer að bisa við að koma metorðagirnisklettinum upp á hefðartindinn, þangað til þessi ástríða hans minnar smátt og smátt og hverfur seinast. Þá er eins og hann átti sig á því sem hann hefði átt að sjá undir eins, að engin nauðsyn rekur hann til að bisa við bjarg þetta, og hann tekur þann kostinn að láta það eiga sig, og hættir að hugsa um að komast til veraldlegra valda.

Vér höfum nú virt fyrir oss líf þess manns eftir dauðann, sem ekkert kveður að, og sömuleiðis líf þeirra manna, sem eru frábrugðnir meginþorra manna að því leyti, að þeir hafa miklar ástríður eigingjarnar til brunns að bera. En vér skulum nú athuga hvernig líf þeirra manna verður, sem eitthvað kveður að, manna, sem hafa áhuga á einhverju því, sem getur gert þá að meiri mönnum.

En til þess að geta áttað oss á því, hvernig lífið eftir dauðann hlýtur að koma þeim fyrir sjónir, verðum vér að gá að því, að meginþorri manna verður að verja hér í heimi mestöllum tíma sínum og kröftum í störf, sem hann er ekki hneigður fyrir. Fæstum mundi detta í hug að fást við mörg hin algengu störf, ef þeir væru eigi knúðir til þess af því að þeir þurfa að hafa ofan af fyrir sér og sínum. Og vér getum hugsað oss, að mörgum mönnum þyki það nokkur viðbrigði að losna við alt strit og stríð hins daglega lífs. Dauðinn hefir gert þeim þann mikla greiða, að varpa af þeim öllum áhyggjum og kvíða hins jarðneska lífs. Þeir þurfa nú ekki að hugsa frammar um fæði, klæði né húsnæði, því að sálarlíkami þeirra þarfnast einskis af því tægi. Og nú er þeim innan handar að leggja sig eftir hverju því, sem þeir hafa löngun til. Því láni eiga fæstir menn að fagna hér í heimi eftir að þeir komast á legg. En nú geta þeir lagt stund á hvað sem þeim þóknast, það er að segja, ef það er framkvæmanlegt í sálarheimum og án þess að til þess þurfi jarðnesk efni. Vér skulum gera ráð fyrir að látinn maður hafi nautn af söng og hljóðfærslætti. Í sálarheimum getur hann átt kost á að njóta þeirra unaðssemnda, sem hljómlistin fær veitt, og það í miklu ríkari mæli en á meðan hann var í jarðneska líkamanum. Í sálarheimum heyra menn sem sé aðra og æðri hljóma, sem gera mönnum efni söngsins eða hljóma samræmisins miklu ljósari en það getur orðið hér í heimi. Og þeir menn, sem hafa nautn af listaverkum, málverkum og myndhöggvarasmíði, geta fullnægt þar fegurðarþrá sinni. Í heimi listanna er um auðugan garð að gresja á hinu æðra tilverustigi. Og hverjum þeim manni, sem hefir nautn af að dvelja í fögrum og friðsælum héruðum, er innanhandar að setjast að hvar sem hann vill, því hann getur þá horfið á svipstundu til hinna fegurstu staða hnattarins, sem hefði kostað hann ærið fé og mörg ár til að komast til, meðan hann lifði hér í heimi. Og ef hinir látnu vinir vorir hneigjast að vísindum eða sagnfræði, þá hafa þeir auðvitað ókeypis aðgang að öllum rannsóknarstofum og bókasöfnum veraldarinnar. Og skilningur þeirra á hinum vísindalegu tilraunum á t. d. efnarannsóknarstofunum hlýtur að verða miklu rækilegri, þar sem þeir geta athugað hinar ósýnilegu efnabreytingar, sem verða smátt og smátt, áður en hinar sýnilegu breytingar koma í ljós. Og svo er líka

eitt mikið fagnaðarefni, sem hver maður á í vændum um leið og hann losnar við líkamann, og það er það að finna aldrei til þreytu. Eins og kunnugt er, getum vér ekki stundað hvíldarlaust nám eða unnið óaflátanlega andlega vinnu, vegna þess að heilinn þolir ekki ótakmarkaða áreynslu. En þreytan virðist ekki eiga heima á öðru tilverustigi en þessu. Og þó vér tölum iðulega um andlega ofreynslu, þá er það aðeins heilinn, en ekki hugurinn, sem þreytist.

Vér höfum nú virt fyrir oss líf þeirra manna í öðrum heimi, sem hugsa mest um sjálfa sig, jafnvel þótt hinum síðar töldu sé hvað mest hugleikið að fullnægja annað hvort fegurðar- eða fróðleiksþrá sinni. En svo eru aðrir, sem eru ekki ánægðir með það, og vilja keppa að einhverju sem er enn þá æðra og göfugra, menn og konur, sem hafa bæði þessa heims og annars mesta unun að því að hjálpa sambræðrum sínum. Hverjar verða framtíðarhorfur þeirra í sálarheiminum? Slíkir menn og konur fá þar vissulega tækifæri til að halda þar áfram mannúðarstarfsemi sinni, og verður auk þess miklu meira ágengt en hér í heimi. Í sálarheiminum er sem sé ólíkt hægra að láta gott af sér leiða en hér. Þar getur einn maður hjálpað mönnum þúsundum saman og getur verið viss um, að hjálp hans kemur þeim að miklu verulegri og varanlegri notum en venjulegast á sér stað á jarðnesku tilverustigi. Sumir menn í sálarheiminum hjálpa sérhverjum, sem þeim gefst kostur á að hjálpa, aðrir láta sér aðeins ant um ættingja sína og vini, hvort þeir eru lifandi eða dauðir. Annars eru það einhver hin römmustu öfugmæli að tala um lifandi menn og dauða og nefna íbúa annars heims dauða; því að ef nokkrir geta heitið dauðir, þá erum það vér, sem tórum hér í jarðneska líkamanum. Hinir eru vissulega lifandi, því meðvitund þeirra fær ólíkt betur notið sín, af því að þeir eru leystir úr læðingi hinnar jarðnesku tilveru. Mörg móðirin, sem horfin er inn í hið æðra tilverustig, vakir yfir velferð barna sinna, og er þeim sannur verndarengill. Og margur grátinn eiginmaður fer ekki frá konunni sinni er tregar hann. Og hann telur sig sælan, ef hann getur látið hana verða öðru hvoru vara við návist sína og koma þeirri hugsun inn hjá henni, að hann bíði eftir henni, og elski hana engu minna en áður.

Eg geri nú ráð fyrir að einhverjir mundu segja: „Sé þessu þann veg farið, þá virðist það liggja nokkurn veginn í augum uppi, að æskilegt væri að losna héðan sem fyrst.“

Fljótt á að líta getur það virzt sem þekking á lífinu eftir dauðann gæti orðið til þess að ýta undir menn að ráða sig af dögum. Ef menn hugsuðu að eins um sjálfa sig, væri ekki nema eðlilegt að slík skoðun yrði almenn að best væri að hverfa héðan eins fljótt og unt er. En ef menn íhuga, hverjar skyldur hvíla á þeim gagnvart guði og mönnum, munu þeir brátt sjá að slík skoðun er röng. Menn eru hingað komnir í ákveðnum tilgangi, sem hvergi verður náð nema hér. Hinn innri maður hefur lagt mikið á sig, til þess að fæðast inn í þennan heim og það er því glæpur gegn insta eðli voru að svipta hann tækifæri til að afla sér jarðneskar reynslu. Til þess að varna því að, að vér hverfum af þessu tilverustigi fyrir tímann, hefir forsjónin innrætt oss hina ósjálfráðu lífsþrá, er kemur oss til að klóra í bakkann svo lengi sem kostur er. Það er heilög skylda vor að taka svo miklum framförum í hverri jarðvist, sem auðið er, og lengja lífdagana að svo miklu leyti og í voru valdi

stendur. Það er sem sé margt, sem vér getum lært hér í heimi, sem verður ekki lært á öðrum tilverustigum; og eftir því sem vér lærum fyr alt sem jarðlífið getur kent oss, eftir því losnum vér fyr úr þrautaskóla þess og komumst hjá að lifa eins takmörkuðu lífi og því, er verður hlutskifti manna á þessu tilverustigi. Og þess vegna ætti engin að stuðla að því að deyja, fyr en hans skapadægur kemur. En þegar dauðann ber að ættu menn að fagna því. Dauðinn flytur mönnum frið og hvíld eftir alt stríð og baráttu þessa jarðneska lífs. En þótt lífið í sálarheimum virðist vera eftirsóknarvert í samanburði við hið jarðneska líf, þá er það þó ærið gleðisnautt í samanburði við líf vort á enn þá æðra tilverustigi, er nefnt hefir verið hugheimar. Sálarheimar hafa verið nefndir hreinsunareldur með kaþólskum mönnum, en hið æðra tilverustig himnaríki. Þar bíður vor hin óumræðilega sæla, sem munkana hefur dreymt um og skáldin kveðið um á öllum öldum. En himnaríki er enginn skáldadraumur, heldur dýrlegur veruleiki. Í sálarheimum geta sumir menn lifað í sælu og aðrir í vansælu, alt eftir því, hvernig þeir hafa búið sig undir lífið eftir dauðann. En í hugheimum er fullkomið sælulíf og ekkert annað, þar hlýtur hver þá sælu sem hann er fær um að njóta.

En áður en eg lýk við þennan kafla, álit eg bezt að svara tveim spurningum, sem margir menn spyrja. Önnur er sú, hvort nokkrar líkur séu til þess að menn geti tekið framförum í andlegum efnum eftir að þeir hafa fluzt alfarið yfir í sálarheima. Vér getum hiklaust fullyrt að svo er, enda er framþróun guðdómlegt lögmál í náttúrunni. En framfarir manna fara auðvitað eftir því hve mikið kapp þeir leggja á að taka framförum. Framfarir þess manns, sem er ánauðugur þræll ástríðukendra tilhneinginga verða fyrst í stað í því fólgnar að losa sig undan valdi þeirra, enda eru það hinar æskilegustu framfarir, sem hann getur tekið, eftir því sem um er að gera. En góður maður og hjálpfús lærir margt og mikið á mannúðarstarfsemi sinni í sálarheimum. Og þegar hann kemur aftur til jarðarinnar, verður hann meiri hæfileikum búinn en þegar hann fór úr þessum heimi. Honum hefir farið fram við hina óeigingjörnu starfsemi sína. Við þurfum því ekki að bera neinn kvíðboga fyrir því, að vér getum ekki tekið framförum hinumegin grafar.

Hin spurningin er sú, hvort menn muni þekkja aftur þá ástvini, sem á undan eru farnir. Vissulega þekkjast þeir menn, sem hafa þekzt, er þeir hittast hinumegin grafar, enda hafa þeir sézt hvað eftir annað á meðan sá, sem lifði hér í heimi, lagði af sér efnislíkamann á hverri nóttu. Þau vináttubönd, sem eru milli manna, draga þá saman í sálarheimum; þar fær ekkert stíað þeim í sundur, sem unnast. En ef vinir vorir eru látnir fyrir löngu, getur það átt sér stað, að þeir séu komnir inn yfir landamæri hugheima. Þá verðum vér að bíða, þangað til vér getum sjálfir fundið þá á því tilverustigi. En þegar þangað er komið, þekkjum vér þá miklu betur og kunnum miklu betur að meta þá og komumst í margfalt innilegra vináttusamband við þá, en á meðan þeir voru fjötraðir í dýflissu þeirri er vér nefnum jarðneskan líkama. Það er eitt víst, að menn geta aldrei mist ástvini sína, jafnvel þótt þeir geti mist sjónar á þeim um stundar sakir. Nýláttnir menn dvelja í sálarheimum, og þar er þá að finna. En þeir, sem horfnir eru héðan fyrir löngu lifa í hugheimum. En hvar sem þeir eru, þá er það víst og áreiðanlegt, að allir þeir sem elskast,

hittast aftur, ef um nokkurn skilnað hefur verið að ræða. Kærleikurinn er eitt af hinum öflugustu mögnum tilverunnar bæði í lífi og dauða.

Það verður ekki sagt með sanni, að ekki sé hægt að fá neina vitneskju um lífið eftir dauðann. Hver sem vill getur kynt sér hin ýmsu rit, sem um það hafa verið skráð, og þau eru þegar orðin mörg. Þeim sem hafa verulega löngun til að fræðast í þessum efnum, vil eg leyfa mér að benda á bók eina eftir Mrs. Annie Besant: *Death and after?* (þ. e. Dauðinn og hvað svo?) og tvær bækur eftir sjálfan mig: *The Astral Plane* (þ. e. Sálarheimar) og *The Other Side of Death* (þ. e. Handan við Dauðann.) Eg get ekki skilið að menn iðrist þess nokkru sinni að hafa gefið sér tíma til að afla sér þekkingar á lífinu hinumegin grafar. Þekkingin útrýmir öllum óróa og kvíða fyrir dauðanum, um leið og hún verður þess valdandi, að mönnum veitir auðveldara að lifa þessu mæðulega jarðneska lífi, er þeir vita að hverju stefnir. Dauðinn flytur sérhverjum frið og sælu, sem lifir hér, heiðarlegu og óeigingjörnu lífi. Hann er hverju orði sannari forni málshátturinn latneski: *Mors janua vitæ*: Dauðinn er lífsins hlið, því að hann er það og ekkert annað. Hann er hlið, að fegra og fullkomnara lífi. Hin guðdómlegu og órjúfanlegu réttlætislögmál ríkja engu síður hinumegin en hérna megin grafarinnar. Og vér getum því alveg eins treyst þeim lögmálum, sem höfundur tilverunnar hefur sett þar, eins og hér, og þurfum því ekki að kvíða framtíðarörlögum vorum né ástvina vorra.

IV. Himnaríki.

Öll trúarbrögð halda því fram að til sé tilverustig, er þau nefna himnaríki, og kenna jafnframt, að menn hljóti himneskt sælulíf eftir dauðann, ef þeir lifi vel hér í heimi. Múhameðstrúarmenn og kristnir skoða hina himnesku sælu sem laun, umbun eða náð, sem guð veiti þeim, sem honum hafa verið þóknanlegir. Aftur á móti kenna það flest önnur trúarbrögð, að hin himneska sæla sé eðlileg afleiðing af góðu líferni, og því hinu sama höldum vér guðspekingar fram. En jafnvel þótt öll trúarbrögð lýsi dýrð himnaríkis í skruðmiklu og skáldlegu máli, þá hefur þeim þó ekki tekizt að lýsa henni svo rækilega, að menn hafi yfirleitt þótt þess sannfærðir að þar væri um veruleik að ræða. Alt sem ritað hefur verið um himnaríki, virðist vera svo öfgakent, að það líkist fremur æfintýrum eða kynjasögum, en því sem menn geta búizt við að hafi við einhvern sannleika að styðjast. Auðvitað viljum við trauðla kannast við, að svo sé um þær lýsingar á himnaríki, sem vér höfum heyrt um, síðan við vorum í bernsku. En ef vér heyrum þær lýsingar, sem haldið er fram í öðrum trúarbrögðum, þykjumst vér sjá á þeim æfintýrablaðinn. Í helgiritum Brahma- og Búddha-trúarmanna getur að lesa skáldlega lýsing á himnaríki, og þar er sagt, að það séu víðáttumiklir aldingarðar, og viðirnir í þeim séu allir gull- og silfurmeiðir og aldinin dýrmætir gimsteinar. Og vér mundum ekki geta að því gert að brosa að slíkum sögum og aumkva Brahma- og Búddhatrúarmenn fyrir einfeldnishátt þann, að láta kenna sér slíkt, ef vér gætum ekki alveg eins búizt við, að þeim mundi þykja viðlíka ótrúlegt að himnaríki sé eins og oss hefur verið kennt, stórborg upp á himinhvelfingunni með gullstrætum og perluhliðum. Sannleikurinn er auðvitað sá, að lýsingarnar á himnaríki fá á sig þennan æfintýrablað af því að höfundar þeirra hafa allir reynt að lýsa því, sem þeim hefur ekki verið unt að lýsa með orðum. Indverskir helgiritahöfundar hafa vafalaust séð hina skrautlegu aldingarða konunga í Austurlöndum, þar sem haglega gerðir gull- og silfurmeiðir og dýrindis gimsteinar í aldinalíki voru engan veginn sjaldséd garðþrýði. Hinsvegar hafa hinir kristnu rithöfundar ekki þekt neitt slíkt. Hann hefur átt heima í fagurri borg – að líkindum í Alexandríu. Og þá er hann hefur viljað koma samtímismönnum sínum í skilning um fegurð himnaríkis, hefur hann gripið til þess að líkja því við mikla borg, sem væri auðvitað gerð úr margfalt dýrara og fegurra efni en borgin, sem hann átti heima í. Þeir hafa sem sé allir reynt að gefa mönnum einhverja hugmynd um himnaríki með því að líkja því við það, sem þeir þektu tilkomumest hér í heimi.

En það eru fleiri en helgiritahöfundarnir sem hafa séð og athugað þetta dýrlega tilverustig. Og þeir hafa sumir hverjir reynt að lýsa því, jafnvel þótt þeim hafi auðvitað ekki tekizt það betur. Meðal þeirra eru nokkrir af oss guðspekinemendum. Í sjöttu handbók vorri, hef eg gert eina slíka tilraun. Vér líkjum nú ekki dýrð og fegurð himnaríkis við gull og gersemar, heldur miklu fremur við töfrafegurð vorloftsins um sólarlagsbil, því að sú fegurð virðist oss himneskari en flest annað, sem séð verður á þessu

tilverustigi. En vér sem höfum átt kost á að sjá og athuga þetta óumræðilega dýrlega tilverustig, vitum best, að oss hefur ekki tekizt betur að lýsa því en helgiritá-höfundunum. Þeir sem lesa lýsingar vorar á himnaríki, munu ekki fá gert sér rétta hugmynd um það fyr en þeim gefst kostur á að sjá það sjálfir.

Himnaríki er engin ímyndun eða draumur heldur dýrlegur veruleiki. En til þess að geta fengið einhverja, þó ekki sé nema ærið ófullkomna, hugmynd um það, verða menn að varpa frá sér öllum hinum einfeltnislegu hugmyndum, er þeir hafa gert sér um það. Himnaríki er sem sé ekkert sérstakt svæði eða staður, heldur miklu fremur meðvitundarástand. Ef eg væri spurður hvar himnaríki væri, mundi eg svara því, að það væri hér, þar sem vér stöndum nú á þessu augnabliki, og nær oss en loftið sem vér öndum að oss. „Dýrðarljóminn er alt umhverfis yður“, sagði meistarinn Búddha, „og þér þurfið ekki annað en taka skýluna frá augum yðar til þess að sjá hann.“ En hvað er átt við með þessum orðum: að taka skýluna frá augum vorum? Það er með öðrum orðum, að hefja meðvitund sína á æðra tilverustig og festa hana í einu starffæri hennar, sem er margfalt smágerfara en efnislíkaminn. Eg hefi þegar sagt, að mönnum sé vinnandi vegur að flytja meðvitund sína úr jarðneska líkamanum og yfir í sálarlíkama sinn, og skynja sálarheima. Með samskonar aðferð tekst mönnum einnig að flytja meðvitund sína yfir í huglíkaman, þ. e. starffæri það, sem maðurinn notar á meðan hann dvelur í hugheimum. Og ef honum tekst að festa meðvitund sína í því starffæri, getur hann skynjað hina himnesku dýrð á meðan hann lifir og starfar hér í heimi. En ef hann hefur einu sinni skynjað það dýrlega tilverustig, eru litlar líkur til að hann kvíði því að hverfa héðan.

Þeir eru færri, sem komast inn í hugheima þegar í stað eftir dauðann. Eg hef þegar sagt að hinn innri maður lifir stöðugt meira og meira hugrænu lífi eftir dauðann. Alt líf hans í sálarheimum miðar stöðugt að því að fjarlægja hann frá hinum jarðneska heimi. Og svo rekur að því, að hann hverfur úr sálarheimum að sínu leyti eins og hann hvarf héðan. Burtför hans úr sálarheimum nefna dulspekingar hinn annan dauða. Maðurinn afklæðist þá sálarlíkama sínum og hverfur sjónum sálarheimsbúa inn í hugheima. Enginn kvíði eða sársauki er samfara þessum öðrum dauða. En vanalega falla menn í stundardvala um leið og þeir fara yfir á þetta æðra tilverustig, og er hinn annar dauði að því leyti líkur hinum líkamlega dauða. En smátt og smátt rakna þeir við aftur, og lifa úr því fullu meðvitundarlífi í hugheimum. Fyrir nokkrum árum ritaði eg bók, sem eg nefndi *Devachanic Plane* þ. e. Hugheimar, og í henni reyndi eg að gefa nokkra lýsingu af hinum ýmsu álfum þessara dýrðlegu ljósheima. Eg skýrði þar frá ýmsu, sem eg hafði athugað við rannsóknir mínar í hugheimum. Nú vil eg reyna að lýsa nokkuð lífi manna í þeim en frá öðru sjónarmiði. En þeim sem leikur hugur á að fá að vita nokkuð gjör um það, vildi eg leyfa mér að benda á bók mína „Devachanic Plane.“

Að líkindum er best að taka það fram undir eins að hugheimar eru tilverustig hinna guðdómlegu hugsana eða með öðrum orðum: þeir eru hið rétta heimkynni hugsananna. Í hugheimum verður hver sú hugsun, sem menn geta einu sinni hugsað, áþreifanlegur

veruleiki. Eg get auðvitað ekki búizt við að megin þorri manna geti gert sér ljósa grein fyrir þessum sannindum, af því að hann hefur æfilangt verið vanur að skoða aðeins jarðneska hluti raunverulega, og það sem er ekki af jarðnesku bergi brotið, sé ímyndun ein, sem eigi ekkert skylt við veruleikann. Sannleikurinn verður þó, þegar öllu er á botninn hvolft, sá, að allar jarðneskar efnistegundir eru grafnar ofan í efni æðri heima. Og hversu raunverulegir sem hinir jarðnesku hlutir eru, séðir frá sjónarmiði þessa heims, þá hafa þeir hvorki varanlegt né út af eins verulegt gildi, ef á þá er litið frá æðri tilverustigum. En hvernig sem þessu er farið í raun og veru, þá verður flestum mönnum, meðan þeir lifa hér, gjarnast að skoða hugheima sem ímyndaða huliðsheima – heima, „sem gerðir eru úr efni því, sem andinn smíðar drauma úr“ eins og skáldið kemst að orði.

Ef til vill sýnir ekkert betur veruleika hinna æðri heima en það, að það er jafnan segin saga, að þá er menn skilja við jarðneska líkamann og vakna til fullrar meðvitundar í sálarheimum, finst þeim sem alt standi þeim miklu ljósara, og er sem þeir vakni af dvala eða móki; eins og mörgum verður þá fyrst að orði: „Nú veit eg fyrst hvað það er að lifa.“ En sama segja menn, er þeir koma til hugheima; þeim finst þá að líf þeirra í sálarheimum hafi ekki verið annað og meira en mók, og að þeir hafi þá varpað af sér deyfð og drunga við það að hafa þessi heimkynnaskifti. Og þó er enn þá æðra tilverustig, þar sem lífið er enn þá fullkomnara en í hugheimum, en um það þýðir lítið að ræða hér.

Eg veit að mörgum lesendum mínum virðist það ganga fásinnu næst að halda því fram að heimur hugsananna sé raunverulegri en þessi jarðneski heimur. Og það er þá ekkert við því að gera. Eg sé engin tók á því, að sannfæra þá um sannleikann í þessum efnum. En það er bót í máli, að þeir eiga sjálfir fyrir sér að lifa á þessu æðra tilverustigi, og eitt einasta augnablik á því mun sannfæra þá margfalt betur en langar röksemdaleiðslur hér í heimi.

Fegurð og dýrð hins guðdómlega hugsanalífs veitir takmarkalausum áhrifastraumum yfir meðvitund manna á hinu himneska tilverustigi. En áhrifin hjá einstaklingunum fara eftir því, að hve miklu leyti þeir eru færir um að veita þeim viðtöku. Ef vér hefðum tekið þeim þroska, sem oss er ætlað að ná einhverntíma í framtíðinni, mundum vér fá notið alls þess, sem þessi sæluheimur hefur á boðstólum. En þar sem vér höfum ekki náð því þroskatakmarki, en þokumst smátt og smátt í áttina, þá skynjum vér hann ekki til fullnustu, heldur aðeins það sem hinn andlegi þroski vor gerir oss fært að skynja. Menn standa sem sé á mismunandi þroskastigum eða eins og komizt er að orði í austurlenzku dæmisögunni: „Mennirnir koma hver með sinn bikar, sumir með stóra aðrir með smáa, en hvort sem bikarinn er meiri eða minni, þá verður hann fylltur á barma því að sæluhafid er ótæmandi.“

Eins og áður er sagt tala öll trúarbrögð um hina himnesku sælu, er menn geti átt í vændum eftir dauðann. En engin trúarbrögð virðast hafa lagt nægilega ríka áherzlu á það atriði, sem getur gert mönnum skynsamlega grein fyrir því, hvernig öllum er fært að hljóta himneska sælu. Sannleikurinn er sá, að hver maður skapar sér það himneska sæluástand, sem hann á við að búa, er hann kemur inn í ríki hinna guðdómlegu hugsana. Menn ráða því alveg sjálfir, hversu löng og hvers eðlis himindvöl þeirra verður. Hún fer

sem sé að öllu leyti eftir því hvernig þeir hafa lifað hér í heimi. Hver maður uppsker þá sælu, sem hann hefur sáð til og samsvarar hugsunarhætti hans og eðlisfari. Í hugheimum lifa allir við óumræðilega sælu á meðan þeir dvelja þar, en sæla þeirra getur verið sín með hverjum hætti, eftir því sem menn eru þroskaðir. Hugheimar hafa ótakmarkaða sælu á boðstólum, en sæla manna fer eftir því, hversu göfugar hugsanir þeirra og hvatir hafa verið hér í heimi.

Á meðan vér lifum í jarðneskri tilveru þroskast sálarlíkami vor við þær tilhneigingar og tilfinningar, sem vér berum í brjósti, og þroski hans fer eftir því, hverskyns tilfinningar vér höfum að jafnaði alið hjá oss. Séu þær góðar og göfugar, verður líf vort í sálarheimi sæluríkt, en séu þær ógöfugar og ástríðukendar, getur sálarlíkami vor valdið oss miklu böli fyrst eftir dauðann. En þá er dvöl vor í sálarheimum er á enda, er alt hið lægra eðli vort upprætt. Hið æðra eðli vort er eftir, og það hefur einnig þroskzt og dafnað af göfugum hugsunum og óeigingjörnum hvötum á jarðríki. Það göfuga, sem menn hafa hugsað og þráð umkringir þá í hugheimum og verður einskonar skjaldborg af hugsanagerfum umhverfis þá. Alt sem þeir skynja í hugheimum berst til þeirra gegnum þessa skjaldborg, sem þeir eru lokaðir inn í. Það er því alt undir eðli og ásigkomulagi þessara hugsanagerfa komið, hversu mikið þeir sjá af hugheimum, en alt, sem þeir skynja þar, hvort sem það er mikið eða lítið, veitir þeim óumræðilega sælu. En hversu mikil og fjölbreytt sæla þeirra verður fer eftir því, hversu háfleygar og göfugar hugsanir þeirra og óskir hafi verið bæði hér í heimi og í sálarheimum. Í hugheimum uppskera menn hinn andlega ávöxt, sem sprottið hefur upp af ástúð og fórnfýsi þeirra. Alt, sem hefur að einhverju leyti falið í sér eigingirni, fjarar út úr eðli þeirra á meðan þeir hafast við í sálarheimum.

Það eru til tvær tegundir af ást, þó önnur þeirra verðskuldi satt að segja ekki að nefnast svo veglegu nafni, það er að segja sú ást, sem er ekki annað en hin rammasta sjálfelska. Sá sem ber slíka ást í brjósti, hugsar jafnt og þétt um það að fá endurgoldna ást sína að fullu, og er alt af á glóðum um, að sá eða sú, sem hann ann, elski einhvern meira en hann. Slík ást getur þá og þegar alið af sér tortryggni og afbrýði. Ávöxturinn af slíkri ást er að jafnaði kvíði og órósemi, og hann uppskera menn í sálarheimum. En svo er líka til önnur og æðri fegurð ástarinnar. Og þeir sem bera hana í brjósti gefa sér aldrei tíma til að athuga það, hvort þeir fá ást sína og umhyggju að fullu endurgoldna. Þeir láta sér aðeins ant um að sýna þeim, sem þeir elska, alla þá ástúð og nærgætni, sem þeim er unt. Þeir geta aldrei hætt að elska þá, sem þeir hafa einu sinni tekið trygð við, hvort sem ást þeirra verður nokkru sinni metin að verðleikum eða ekki. Elska þeirra er takmarkalaus og ekki af þessum heimi. Og sökum þess að hún er hafin yfir alla eigingirni, er í henni fólgin slíkur kærleikskraftur, að hann kemst ekki fyrir – ef svo má að orði kveða – í efnistegundum sálarheima, en áhrif hans koma í ljós í hugheimum. Sama er að segja um guðræknina, hún er tvennskonar. Önnur tegund hennar er í raun og veru einskonar verslunarviðskifti við guð. Menn hafa ákveðna helgisiði um hönd, biðja vissar bænir, og fyrir þetta ætlast þeir svo til að hljóta eilífa sæluvist á himnum, eða með öðrum orðum komist að frábærum

kjarakaupum. En svo er til önnur sönn guðrækni, sem er í því fólgin, að menn fyllast óumræðilegri ást á guði og öllu, sem guðs er. Fjöldi manna hefur fundið hjá sér á hinum helgustu guðræknisstundum óumræðilega þrá að lifa eða sameinast hinni guðdómlegu tilveru. Og slíkri þrá verður ekki fullnægt hér á hinu jarðneska tilverustigi. Og sama er að segja um þær tilfinningar, sem fögur hljómlist og ýms önnur hrein og ómenguð list fær vakið inst í fylgsnum sálar vorrar. Allar slíkar tilfinningar fela í sér afl – afl, sem verður einhversstaðar, einhverntíma og einhvernvegin að koma í ljós, því að viðhaldslögmál aflsins verkar engu síður á himni en jörðu. Og þar sem hver orsök hefur fyr eða síðar sínar afleiðingar, sem koma niður á þeim, sem valdur er að orsökinni, þá er það víst, að sérhver verður að uppskera það, sem hann hefur sáð til. En þegar afleiðingarnar geta ekki komið í ljós hvorki á jarðríki né í sálarheimum, vegna þess að alt í þeim er helst til takmarkað, þá bíða þær þangað til maðurinn kemur inn á hið himneska tilverustig. Þær eru þar sem falið afl, uns sú meðvitund, sem framleiddi þær, nálgast þær, þá er eins og þær leysist úr læðingi, og áhrifamagn þeirra tekur að streyma inn yfir meðvitund manna. Vér lifum í lögbundinni tilveru, þar sem ekkert glatast og ekki heldur það, sem oss sýnist hafa verið eins og „af vindi vakin alda“ og orðið að engu.

V. Híbylin mörgu.

Vér verðum að gera oss það fyllilega ljóst, að sérhver maður skapar sér sjálfur þann „himin“, sem hann lifir í eftir dauðann. Í hugheimum er öll hugsanleg dýrð og fegurð. En menn skynja hina himnesku dýrð aðeins í gegnum þá „glugga“, sem þeir hafa sjálfir búið sér til, eða með öðrum orðum sjá aðeins það, sem þeir hafa gert sig hæfa til að skynja. Sérhver hugsun hans er einn slíkur „gluggi“ eða skynjunartæki í hugheimum. Sá maður, sem hefur haft hugann fastan við þennan heim, hefur fáa glugga, sem dýrðarljómi hugheima fær skinið inn um til hans. En það má heita að allir menn hafi einhverntíma á æfinni verið snortnir af hreinum og óeigingjörnum tilfinningum og hugsunum, sem verða honum sambandsliður við umhverfið í hugheimum. Og þess vegna eiga allir menn fyrir höndum, að njóta sælu himnaríkis, allir, nema hinir allra grimmustu villimenn, sem standa á svo lágu þroskastigi, að þeir hugsa enga góða né óeigingjarna hugsun. Og í stað þess að segja, að menn fari annaðhvort til helvítis eða himnaríkis, eins og hin svonefnda rétttrúnaðarstefna heldur fram, lætur nær sanni að segja, að menn fari í báða staðina – það er að segja, ef vér getum nefnt jafnvel hið lægsta ástand manna í sálarheimum jafnægilegu nafni og helvíti. Tíminn á hinum mismunandi stigum getur verið mjög mismunandi. Vér verðum að hafa það jafnan hugfast, að meðvitund meginþorra manna er tiltölulega lítt þroskuð. Henni hefur tekizt að hafa full not af hinu jarðneska starffæri sínu og getur einnig starfað í sálarlíkama sínum að miklu leyti, jafnvel þótt henni takist sjaldnast að flytja endurminning sína óbrjálaða frá sálarheimum og inn í heilameðvitund sína. En huglíkama hennar er ekkert verulegt starffæri. Því sannleikurinn er sá, að meginþorra manna tekst ekki að nota huglíkama sinn að sínu leyti eins og sálar- og jarðneska líkamann. Þar af leiðandi getur lítt þroskaður maður ekki ferðast um í honum né skynjað beinlínis umhverfið með skynfærum hans.

Vér megum því ekki hugsa, að maður, sem er svona eins og fólk er flest, lifi í hugheimum miklu starfsemdarlífi og sé fær um að ferðast fram og aftur um þá, að sínu leyti eins og á sér stað í sálarheimum. Ástand hans eða ásigkomulag er því aðallega þannig, að þeir verða fyrir þeim áhrifum, sem þeir eru móttækilegir fyrir, en hafa ekki eins áhrif á þá, sem umhverfis þá eru. Sá maður, sem getur starfað að fullu og öllu leyti í hugheimum, er í raun og veru meira en meðalmaður að andlegum þroska. Hann er þegar orðinn dýrðlegur andi, sem er kominn langt á undan flestum samferðamönnum sínum. Hann lifir þá fullkomnu starfsemdarlífi í hugheimum, og notar huglíkama sinn að sínu leyti eins og vér notum jarðneska líkama vorn hér í heimi. Og slíkum manni opnast nýtt og víðáttumikið þekkingarsvið, sem fæstir geta gert sér nokkra grein fyrir hér á jarðríki.

En vér skulum nú virða fyrir oss mann í hugheimum, mann, sem er eins og fólk er flest. Hann skynjar hugheima með þeim skynjunartækjum, sem hann hefur sjálfur búið sér. En til þess að sjá, hvernig hugheimar koma honum fyrir sjónir, verðum vér að athuga tvö atriði, sem sé, hver er afstaða hans gagnvart því tilverustigi, er hann lifir á, og

sömuleiðis, hver er afstaða hans gagnvart vinum hans. Þegar um afstöðu hans er að ræða gagnvart umhverfinu, verðum vér að taka tillit til úr hverskonar efnistegundum hugsunargerfi hans eru, og sömuleiðis hverskonar öfl hann hefir framleitt með hugsunum sínum.

Eg hefi þegar sagt, að maðurinn er umkringdur af sínum eigin hugsunum í hugheimum. Það eru sem sé hugsanir hans, sem mest á ríður. Hann er og sí og æ umkringdur af mjög miklum og andlega þroskuðum verum, er kristnir menn nefna engla. Og návist þeirra getur haft mjög mikil áhrif á menn. Margir þessara engla hafa vakandi auga á mönnum, og eru reiðubúnir að koma þeim til hjálpar, ef þeir sjá að þrá þeirra fer í þá átt, sem þeir telja æskilegt. En eins og gefur að skilja, fara hugsanir manna og þrár þar í sömu átt og hér í heimi. Það ætti að vísu að sýnast svo, að þá er menn eru komnir inn á þetta ædra tilverustig, þar sem lífið er miklu verulegra en hér, þá ættu þeir að geta hafið þar nýja starfsemi, beint hugsunum sínum inn á nýjar leiðir. En slíkt er ógerningur. Huglíkami þeirra er hvergi nærri eins fullkomið starffæri og hinir aðrir líkamar þeirra, og þar af leiðandi hefur meðvitundin ekki fult vald á honum. Alt fram að þessu hefur huglíkami meginþorra manna vanizt því að fara að öllu leyti eftir áhrifum þeim, er hann hefur orðið fyrir frá hinum lægri líkómum meðvitundarinnar, og þá sérstaklega frá jarðneska líkamanum. Það eru þau, sem hafa sérstaklega ýtt undir starfsemi huglíkamans. Sjálfur hefur hann ekki hafið sjálfstæða starfsemi og orðið fyrir litlum áhrifum frá sínum eigin heimi. Það er því ekki eðlilegt, að hann byrji alt í einu að verða sjálfstætt starffæri meðvitundarinnar. Og afleiðingin verður sú, að maðurinn fer ekki að hugsa nýjar hugsanir á meðan hann dvelur í hugheimum. En það eru fyrri hugsanir hans, sem koma honum þar í samband við umheiminn.

En svo er að líta á það, að það er mikið undir því komið, í hvaða átt hugsanir manna stefna og hvers eðlis þær eru. Hugsanir manna geta sem sé stefnt í ýmsar áttir. Nokkrar af þeim, sem hafa átt rót sína að rekja til kærleikans eða fórnfýsinnar, geta haft svo persónulegan blæ á sér, að æskilegast mun vera að athuga þær í sambandi við afstöðu mannsins gagnvart vinum sínum. En vér skulum nú fyrst athuga afstöðu mannsins gagnvart þeim heimi, sem hann lifir í, og sjá hverskonar áhrifum hann verður fyrir.

Vér skulum nú gera ráð fyrir, að hann hafi haft unun af söng og hljóðfæraslætti, á meðan hann lifði á jarðríki, en það verður til þess, að hann verður næmur fyrir áhrifum hljómlistarinnar í hugheimum. Og í slíkum áhrifum er falinn sannkallaður kyngikraftur. Eins og kunnugt er, getur fagur og tilkomumikill söngur hrifið menn svo, jafnvel hér í heimi, að þeir verða um stundarsakir að nýjum og betri mönnum og lifa, að því er þeim finst, í fegri og betri heimi. Og ef þér hafið orðið snortnir af töframætti hljómlistarinnar hér, þá getið þér ef til vill fengið óljósa hugmynd um mátt hennar á hinu himneska tilverustigi. En sá maður, sem hefur aldrei á æfi sinni haft nokkra skemtun af neinni hljómlist hér í heimi, fær ekki heldur notið hennar í hugheimum, eða með öðrum orðum, hann hefur ekki gert sig hæfan til að njóta hennar. Hins vegar verður söngelskur maður fyrir þrennskonar áhrifum, sem fara auðvitað mikið eftir því, hvers eðlis hugsanir hans

hafa verið í lifanda lífi; öll áhrifin berast í gegn um hugsanagerfin. Og það mætti líkja þeim við glerið í gluggum vorum. Hafi glerið einhvern vissan lit, þá litar það ljósið, sem fellur í gegn um það; sé það misþykkt og gárótt, sést alt í gegn um það í óreglulegri stærð og sýnist þar af leiðandi öðru vísi en það er í raun og veru. Sama mætti segja um hugsanagerfin, sem umkringja menn í hugheimum. Ef vér höfum til dæmis haft mætur á að eins einni sérstakri tegund hljómlistarinnar hér í heimi, þá skynjum vér ekki fegurð hljómlistarinnar nema að nokkru leyti, og þar af leiðandi getur hún ekki orðið oss slík sæluuppspretta, eins og hún hlýtur að verða þeim sambræðrum vorum, sem hafa miklar mætur á öllum tegundum hennar. En vér skulum nú gera ráð fyrir, að vér berum skyn á allar tegundir hennar; hvers verðum vér þá varir í hugheimum?

Í fyrsta lagi munum vér komast að raun um, að hin lögbundna hreyfing þeirra náttúruafla, sem tilheyra hugheimum, birtist sem hljómasamræmi. Hin skáldlega hugmynd um samræmi hnattanna er sannarlega ekki gripin úr lausu lofti, því að öll hreyfing og starfsemi í æðri heimum framleiðir dásamlegt samræmi bæði í litum og hljómunum. Allar hugsanir manna birtast þar í óumræðilega fögrum hljómunum, sem taka þar sífeldum breytingum; og mætti helzt líkja þeim við heillandi og blíða óma frá þúsund Eoloshörpum (innskot: aeolian harps). Í hugheimum, þar sem mönnum virðist lífið margfalt verulegra en hér, verður sönghneigðum manni hljómlistin æfinlega sem undiralda í allri sælu hans, og veitir honum stöðugt þann himneska unað, sem verður ekki með orðum lýst.

En í öðru lagi eru sérstakir íbúar hugheima – og þeir eru ærið fjölmennir – og teljast til þeirra vera, sem kristnir menn nefna engla. Það má svo heita, að þeir helgi líf sitt hljómlistinni og birta hugsanir sínar og tilfinningar enn þá meira en aðrir í hljómunum. Í hinum fornu helgiritum Brahmatrúarmanna eru þeir nefndir *Gandharvar*, þ. e. hljómatívar. Sá maður, sem er með líf og sál við hljómlistina, hlýtur að vekja athygli þeirra og komast í samband við einhvern þeirra og hafa þá sívaxandi nautn af að læra af þeim hið dásamlega „móðurmál“ þeirra, hið hljómfraðilega samræmi. Og í þriðja lagi gefst sönghneigðum manni kostur á að hlusta á hina helztu tónsnillinga, sem uppi hafa verið og dvelja nú í hugheimum, t. d. Bach, Beethoven, Mendelsohn, Händel, Mozart og Rossini. Þeir starfa nú ötulara í þarfir listarinnar en nokkru sinni áður, enda fá þeir notið sín margfalt betur í hugheimum en hér í heimi. Til listaverka þeirra í æðri heimum eiga vissulega mörg fegurstu, jarðnesku sönglögin rót sína að rekja. Því ef satt skal segja, eru mörg hrífandi tónsmíðin hér í heimi ekki annað en dauft bergmál af hljómasamræmi tónsnillinga í öðrum heimi. Það sem liggur eftir mestu frumleiksmennina hér, er í raun og veru margt, og meira en menn gruna, ekki annað en ófullkomin eftirmynd af listaverkum þeirra, sem á undan eru farnir. Og miklu oftast en margan grunar fá þeir, sem eru nú einu sinni móttækilegir fyrir hugskeyti að handan, hugmyndir sínar frá frumherjum mannkynsins, sem dvelja á hinum æðri tilverustigum, hugmyndir, sem þeir reyna svo að koma í framkvæmd hér í heimi, að svo miklu leyti sem þeim er fært. Mestu tónskáldin

hafa til dæmis ekki dregið neina dul á það, að þeir eru ekki höfundar að því, sem þeim er eignað. Þeir hafa sagt, að þeir hafi heyrt himneskan hljómlistaróð, stórfenglegan hersöng eða áhrifamikinn kórsöng í einu einasta hljómstefi. Þá er það, að andinn kemur yfir þá, sem kallað er. En þegar þeir fara svo að rita það, sem þeir hafa heyrt, þurfa þeir að gera það margfalt lengra, rita það á margar blaðsíður, til þess að geta gefið öðrum nokkra hugmynd um það, sem þeir hafa sjálfir skynjað. En það er þetta, sem sérkennir hljómlist æðri heima. Eitt einasta hljómstef getur þar falið í sér þá fegurð og hugmyndir, sem mundi þurfa heilan hljómleik til að birta hér, hljómleik, er staði yfir í margar klukkustundir og yrði þó aldrei eins áhrifamikill eins og þetta eina hljómstef í æðri heimum.

Og sama er að segja um allar aðrar listir. Gleði af þeim geta menn einnig hlotið með þrennum hætti. Eins og flestum guðspekinemendum er kunnugt, eru til tívar, sem talast við með leifturbliki, og mætti því nefna mál þeirra litmál. Þeir, sem hafa opið auga fyrir fegurð í litum, geta orðið fyrir miklum áhrifum frá þeim. Svo eru allir hinir miklu málarar frá miðöldunum nú í hugheimum, og þeir vinna þar að list sinni. Þeir nota nú ekki bursta og léreft, heldur móta þeir efnistegundir hugheima með hugsanamagni sínu, og verða því listaverk þeirra margfalt fullkornari. Eins og kunnugt er, kvarta flestir listamenn yfir því, að jafnvel beztu listaverk þeirra séu langt frá því að vera eins fullkomin og þeir höfðu hugsað sér þau. En í hugheimum er að hugsa hlutinn það sama sem að framkvæma hann, og þar af leiðandi getur listamaðurinn aldrei orðið þar óánægður með listaverk sitt, því að það er nákvæmlega eins og hann hefir hugsað sér það. Og sama er að segja um alla aðra andlega starfsemi í hugheimum. Þar gefst mönnum kostur á að njóta og nema miklu meira en hægt er að gera sér í hugarlund hér í heimi.

VI. Vinir vorir á himnum.

Þá er að líta á afstöðu látins manns gagnvart þeim, sem hann elskar, ber lotningu fyrir eða tilbiður. Þráfaldlega spyrja menn, hvort þess sé nokkur von, að þeir hitti ástvini sína í æðri heimum; því að, ef þeir ættu ekki að fá að sjá þá, finst þeim, sem eðlilegt er, að sæla æðri heima yrði þeim einskisvirði. Sem betur fer, er hægt að svara slíkum spurningum afdráttarlaust. Þeir sem elskast, hittast handan við gröf og dauða, og meira en það, þeim gefst kostur á að þekkjast þar margfalt betur en hér í heimi.

En þá spyrja menn: Hvað segið þér um þá vini vora, sem eru þegar komnir inn á hið himneska tilverustig, sjá þeir hvað oss líður hér, og hafa þeir vakandi auga á því, sem hér fer fram og bíða þeir eftir oss? Það er naumast hugsanlegt, að slíkt gæti átt sér stað, því að það væri mjög miklum örðugleikum bundið fyrir mann á himnesku tilverustigi að sjá, hvað fram fer hér í heimi. En svo er annað, að það er varla hugsanlegt, að menn gætu lifað nokkursstaðar verulegu sælulífi, ef þeim gæfist kostur á að horfa á sorg og þjáningar ástvina sinna, eða það sem verra er, sjá þá drýgja hverja ásetningssyndina eftir aðra. Og ef vér gerðum ráð fyrir, að þeir hefðu ekkert af ástvinum sínum að segja, en biðu eftir þeim árum saman, þá eru eins mikil líkindi til, að ástvinapráin gerði skarð í hina himnesku gleði þeirra. Mörgum mundi finnast langt að bíða, og þegar svo ástvinir þeirra kæmu til þeirra að mörgum árum liðnum, væru þeir ef til vill orðnir svo breyttir, að þeir væru því nær óþekkjanlegir. Forsjónin hefir hagað þessu alt annan veg. Enginn ástvinamissir getur sem sé gert skarð í gleði manna né sælu á himnum. Sannleikurinn er sá, að látinn maður hefir kynni af ástvinum sínum, sem á jörðu lifa, jafnvel eftir að hann er kominn til hugheima; en hann sér ekki og verður ekki var við annað en það, sem er bezt og göfugast í fari þeirra. Og þessi tilhögun er sannarlega margfalt æskilegri en sú niðurröðun, sem menn hafa yfirleitt gert sér í hugarlund, enda er það ekki nema eðlilegt, því að flest af því, sem menn ímynda sér, er ekki nema ófullkomið, en sannleikurinn er hugmynd guðs og hún er fullkomin. Og skulum vér nú reyna að skýra þetta nánar.

Þegar vér elskum einhvern mjög heitt og innilega, mótum vér í hug vorum mynd af honum eða eins og hann kemur oss fyrir sjónir. En vér tókum þessa mynd með oss inn í hugheima, og er það ekki nema eðlilegt, þar sem hún er gerð úr efnistegundum þeim, sem tilheyra hugheimum. En kærleikur, sá sem mótar og heldur þessari mynd við, er í sjálfu sér mikill kraftur – kraftur, sem getur haft mjög mikil áhrif á hinn innra mann þess, sem vér elskum. Og hinn innri maður vinar vors verður undir eins var við áhrifin, og meira að segja birtist oss á himnum í því hugsanagerfi, sem vér höfum gert af honum, jafnvel þótt hann hafi enga hugmynd um það sjálfur í hinum jarðneska heimi, eða með öðrum orðum heilameðvitund hans. Það má því með sanni segja, að vér höfum kynni af ástvinum vorum eftir að vér erum komnir til hugheima, jafnvel þótt þeir dvelji samtímis á hinu jarðneska tilverustigi. Vér höfum þá kynni af hinum innra manni þeirra, jafnvel þótt vér vitum ekki, hvað líkami þeirra hefur fyrir stafni. Og vér megum ekki gleyma því, að það

skiftir oss í raun og veru meira að vita, hvert er ástand sálar vinar vors en ástand líkamans, því að vér elskum þó í rauninni hann sjálfan, en ekki líkamann, sem hann er í. En eg geri nú ráð fyrir, að sumir muni nú segja sem svo: „Eg gæti nú skilið, að látinn maður geti haft kynni af ástvinum sínum, ef ástvinur hans væri líka dáinn; en ef vér gerum ráð fyrir, að hann sé enn þá í lifandi manna tölu, þá get eg ekki skilið, að nokkur maður geti verið á tveimur stöðum í einu.“ En sannleikurinn er þó sá, að sál manna getur að þessu leyti verið á tveimur stöðum í einu, og jafnvel fleirum, og það er alveg sama, hvort menn eru lifandi eða dauðir. En vér skulum nú reyna að skilja hvernig þessu er farið og hvað sálin, eða hinn innri maður, er í raun og veru.

Sál manna tilheyrir hinu æðra og ósýnilega tilverustigi, og er í sjálfu sér miklu meiri en hægt er að gera sér í hugarlund eftir því að dæma, sem af henni birtist hér í heimi. Hér getur hún sem sé aldrei birzt til fulls. Og það mætti segja að hún birtist eftir því betur í hinum æðri heimum, eftir því sem þeir hafa meiri víðáttur. Og þetta verður ef til vill skiljanlegra, ef vér líktum sál manns við teninga, sem er þriggja víðáttu hlutur. Sú vera, sem skynjaði ekki nema eina víðáttu, gæti aldrei gert sér rétta hugmynd um teningslögunina. Og jafnvel þótt hún skynjaði tvær víðáttur, og gæti gert sér ljósa grein fyrir ferhyrningslöguninni, þá gæti hún þó ekki gert sér í hugarlund, hvernig teningslögunin væri. Enginn ferhyrningur gæti nokkru sinni sýnt rétta teningsmynd. Sama er að segja um sál mannsins, hún verður aldrei skilin til fulls hér í heimi, og er það vegna þess, að hún tilheyrir alt öðru og miklu æðra tilverustigi. Það er aðeins örlítið brot af henni, sem birtist í jarðneskum líkama; en hún verður þó að sameinast honum um stundarsakir til þess að afla sér þeirrar reynzlu, sem er ekki að fá í öðrum heimum. Sálin getur ekki birzt í nema einum jarðneskum líkama í senn; en jafnvel þótt hún gæti birzt samtímis í þúsund jarðneskum líkómum, þá yrði þó aldrei hægt að sjá hér í heimi, hvað sálin er í raun og veru. En þó sálin geti ekki birzt nema í einum jarðneskum líkama í senn, þá getur hún auðveldlega birzt í hugsanagerfi því, sem vinur hennar hefir gert af henni í hugheimum. Og meira að segja, getur hún birzt vini sínum miklu betur í því, en henni er fært að birtast nokkru sinni í jarðneskum líkama, enda er hún þar tveimur tilverustigum ofar og fær þar af leiðandi notið sín miklu betur en hér.

Eg get nú búizt við, að mörgum virðist það næsta ótrúlegt og torskilið, að sálin geti birzt eins í þessu starffæri, sem vinur hennar hefir búizt til handa henni, eins og í jarðneska líkamanum, sem hún tók sér bólfestu í um leið og hún kom í þennan heim. En vér vitum þó, að meðvitund vor getur beinzt að fleiru en einu hér í heimi; vér þekkjum það af daglegri reynslu. Þá er vér sitjum á stól, verða ýmsir hlutir fyrir snertingu af oss. Vér sitjum í stólsætinu, fætur vorir hvíla á gólfinu, hendurnar á stólbríkunum, eða ef til vill höldum vér samtímis á einhverjum hlut, t. d. bók. Og þó á heilameðvitund vor ekki neitt örðugt með að gera sér grein fyrir öllum þessum snertingum. Og hví skyldi þá sálinni, sem er í sjálfu sér hátt upp hafin yfir heilameðvitundina, veita örðugra að vera í sambandi við marga staði í einu og gera vart við sig á þeim öllum. Það er hinn innri maður, sem birtist á mörgum stöðum í einu í öllum þeim hugsanagerfum, sem af honum

eru gerð, og það er hann, sem lætur hin kærleiksríku áhrif berast frá þeim. Og í þessum hugsanagerfum birtist hið bezta í eðli hans og í miklu ríkari mæli en það getur komið í ljós hér, jafnvel þegar best lætur hér í heimi.

En hefur þetta nú nokkur áhrif á þá, sem vér unnum? Vissulega, því að þeir fá með þessu tækifæri til að birtast, það sem vér getum kallað aukalega. Í jarðneskum líkama hljóta þeir jarðneska reynslu. En hið nýja starffæri, sem vér sköpum þeim í hugheimum, gefur þeim kost á að þroska miklu örar hjá sér kærleikseðlið en ella. Og þess vegna getur ást vor haft mikil og góð áhrif á þá. Og eins og vér höfum þegar sagt, þá getur sál manna (þ. e. hinn innri maður) birzt í mörgum slíkum myndum, ef þeir eru svo hamingjusamir að eiga marga vini, sem skapa þeim þær. Vinsæll maður lifir þannig á mörgum stöðum samtímis í hugheimum, og það getur orðið til þess að flýta að mun fyrir framförum hans. En eins og gefur að skilja, er þessi hjálpi, sem honum kemur þannig frá vinum hans, árangurinn af ástúð hans, sem hefir aflað honum svo margra vina hér í heimi. Og kærleiksáhrifin, sem hann verður fyrir frá vinum sínum, verða til þess að glæða kærleikseðlið hjá honum sjálfum, og það skiftir engu, hvort vinir hans eru það, sem menn kalla lífs eða liðnir.

En svo er að gæta að því, að þessum kynnum vorum af þeim, sem vér unnum, getur verið með tvennum hætti mjög ábótavant. Það er fyrst og fremst, að vér getum hafa gert oss alt of ófullkomna hugmynd um vini vora, höfum ekki kunnað að meta þá. Afleiðingin verður sú, að hinir göfugu eðliskostir þeirra, sem vér höfum ekki komið auga á, birtist oss ekki í því hugsanagerfi, sem vér höfum gert af þeim. En svo getur þá líka átt sér stað, að vér höfum gert oss of háa hugmynd um þá, ef þeir eru lítt þroskaðir í andlegum efnum. Og þá getur svo farið, að þeir uppfylli ekki allar vonir vorar, reynist ekki eins og vér höfðum búizt við. Þó er það tiltölulega sjaldgæft, að menn geri sér of háar hugmyndir um aðra. Það er helzt, þegar þeir taka að dýrka einhvern, sem stendur á tiltölulega lágu þroskastigi, og ímynda sér hann sem fullkominn. En þó svo færi, að menn gerðu sér of háar hugmyndir um einhvern, þá mundu þeir ekki verða fyrir neinum verulegum vonbrigðum og ekki sjá neina breytingu á hinu æðra tilverustigi, því að hinn innri maður hans mundi þá að minsta kosti samsvara betur hugmynd þeirra um hann, en persónuleikinn, sem var alt og sumt, sem þeir sáu af eðli sálarinnar hér í heimi. Og jafnvel þótt hann sé í sjálfu sér lítt þroskaður í andlegum efnum, þá tekur hann stöðugum framförum, er hann verður fyrir kærleiksáhrifum þeirra, sem unna honum, og það getur jafnframt orðið til að auka á sælu þeirra. Menn geta birzt í mörgum hugsanagerfum samtímis í hugheimum. Og í þeim koma eðliskostir þeirra greinilega í ljós. En ef þeir hafa ekki einhvern eðliskost, sem vinir þeirra hafa gert ráð fyrir, að þeir hefðu til að bera, þá glæðist hann ekki svona alt í einu fyrir það eitt, að aðrir halda að þeir hafi hann til brunns að bera; en þó getur það orðið til að flýta fyrir því, að þeir öðlist hann.

Guðspekinemandinn, sem gerir sér hugmynd af Meistarana, veit að hann getur aldrei gert sér of háa hugmynd um hann, því að máttur Meistarans og kærleikur er meiri en svo, að hann geti gert sér hann fyllilega í hugarlund.

En þá liggur næst að athuga, hvernig sál manna þroskast í hugheimum, þar sem hún elur í raun og veru lengstum aldur sinn. Hver eru þau tækifæri, sem henni gefast þar, til þess að taka verulegum framförum? Þau eru aðallega þrennskonar, jafnvel þótt hvert þeirra geti verið nokkuð mismunandi. Í fyrsta lagi hefur maðurinn glætt að meira eða minna leyti ýmsa eðliskosti hjá sér og tamið sér sérstakar hugsanir, sem koma honum í samband við hugheima, eða með öðrum orðum, gera hann færann um að skynja þá. Og þegar hann dvelur nú lengi í hugheimum og hugsar þessar hugsanir hvað eftir annað, þá verða þær til þess að setja snið sitt á eðlisfar hans, og þá er hann kemur aftur til jarðarinnar, er hann meiri kostum búinn en hann var hér síðast. Allar hugsanir verða þeim mun sterkari, sem þær eru hugsaðar oftar. Og maður, sem dvelur t. d. þúsund ár í hugheimum, og hugsar þar allan þann tíma mestmegnis ástúðarhugsanir, hlýtur vissulega að hafa innrætt sér að lokum ríkt og ákveðið kærleikseðli.

Í öðru lagi getur það átt sér stað, að menn komist í samband við hinar meiriháttar andlegu verur, er vér nefnum engla, ef þeir bera einhverja göfuga þrá í brjósti og hafa um langt skeið kostað kapps um að taka framförum. Og verur þessar geta þá orðið mjög til að flýta fyrir framförum þeirra. Og hafi menn í sér eitthvert listamannseðli, verða þær til þess að glæða það og fræða þá um margt, sem þeir höfðu litla eða enga hugmynd um áður. Og þá er himindvöl þeirra er á enda, fæðast þeir aftur inn í þennan heim auðugri að andlegum og siðferðislegum kostum, en þegar þeir dvöldu hér síðast.

Og í þriðja lagi hljóta menn ýmsa uppfræðslu, er berst til þeirra frá hugsanagerfum þeim, sem þeir hafa gert af ýmsum vinum sínum, sem standa þeim frammar í ýmsum efnum, og eru færir um að fræða þá. Guðspekinemandi fær t. d. þann veg fræðslu frá þeim meistara, sem hann hneigðist aðallega að, og sömuleiðis getur hann fengið ýmsar leiðbeiningar frá öðrum, sem skemra eru á leið komnir á þroskabrautinni.

En sú kemur stundin, að hinni dýrðlegu æfi manna lýkur í þeim hluta hugheima, sem ráð hefur verið gert fyrir, að þeir dvelji í hér að framan. Þá byrjar nýtt líf; þeir lifa þá í orsakalíkamanum, og það er það starffæri meðvitundarinnar, sem hún flytur með sér, án þess að það breytist nokkuð, nema hvað það þroskast smátt og smátt með hverri jarðvist. Þá er hinn innri maður hefir afklæðst huglíkamanum, þarfnast hann engra sérstakra skynjanatækja; hann lifir þá á sínu eigin tilverustigi, og þar hylur ekkert hlutina sjónum hans né villir honum sýn. En megin þorri manna fær þó ekki notið sín nema að litlu leyti á hinu dýrðlega tilverustigi hins innra manns. Það má því segja, að allur fjöldinn lifi þar í einskonar draumkendri sælu, án þess að athuga mikið af því, sem umhverfis þá er, en það sem þeir sjá, sjá þeir eins og það er, og þar er ekkert, sem takmarkar skynjun þeirra, nema þeirra eigin þroskaleysi. En þeir þroskast við hverja jarðvist og í hvert skifti, sem þeir koma aftur, skynja þeir meira af hinni óumræðilegu dýrð þessa tilverustigs, og fá þá notið sín betur á því en síðast. Og eftir því, sem þeir lifa oftar hér í heimi, verður líf þeirra í orsakalíkamanum lengra og lengra í samiburði við dvöl þeirra á hinum lægri tilverustigum. Og eftir því sem menn þroskast, verða þeir ekki aðeins færari um að færa sér meira og meira í nyt af öflum, sem þeim standa þar til boða, heldur verða þeir færir

um að rétta öðrum hjálparhönd. Og úr því taka menn að koma auga á takmark það, sem Kristur hefir bent oss á, sem sé, að stefna að því að gleyma sjálfum oss, læra að lifa líf sitt öðrum, og verja öllum kröftum sínum og hæfileikum í þarfir sambræðra sinna, sem heyja hina hörðu baráttu við hið lægra eðli sitt. Hin æðsta gleði og hin æðsta sæla er í því fólgin að starfa í þarfir guðs og manna. Og það dýrðlega hlutverk eigum vér allir fyrir höndum fyr eða síðar. Vér, sem höfum átt því mikla láni að fagna að koma auga á þá dýrðlegu framsóknarleið, sem framundan liggur, vér verðum að skýra yður frá því, sem vér höfum séð að svo miklu leyti sem hægt er að skýra frá því. Hin óumræðilega dýrð æðri heima umkringir yður hér mitt í þoku hins jarðneska lífs. Þetta er einn þátturinn í fagnaðarboðskap þeim, sem guðspekin hefur að flytja, og allir eiga sælulíf í vændum í framtíðinni. Og hin æðsta sæla hlýtur fyr eða síðar að falla yður í skaut, sökum þess, að hún umkringir yður og bíður eftir því, að þér verðið hæfir til að verða hennar aðnjótandi.

VII. Verndar englar.

Eitt hið fegursta við guðspekina er að mínu áliti það, að hún færir mönnum heim sanninn um, að engin nauðsyn reki þá til að hafna ýmsum þeim trúaratriðum, sem hafa veitt þeim bæði hjálp og huggun í bernsku, – trúaratriðum, sem meginþorri manna álitur sig vera vaxinn upp úr. Þeir menn eru margir, sem komnir eru nú til vits og ára, sem finst að þeir sakni margs, sem þeir lögðu sterkan trúnað á, meðan þeir voru á unga aldri, en geta ekki trúað nú. Hinar barnslegu trúarhugmyndir þeirra voru margar hverjar svo huggunarrikar og yndislegar, að þeim finst regluleg eftirsjá í þeim. Þeim finst að vísu, að þeir hafi fengið meiri uppfærðslu en svo, að þeir geti haldið áfram að trúá í blindni öllu, sem þeim var kent, en það er það sama, þeim finst, að þótt þeir geti ekki framur aðhlyzt hin og þessi barnatrúaratriði, þá hefðu þeir fegnir viljað, að þau hefðu haft við eitthvað að styðjast. Slíkum mönnum kemur guðspekin til hjálpar. Hún sýnir þeim, að margt af hinum fögru hugmyndum, sem fylgdu barnatrú þeirra, er engan veginn ímyndun ein eða heilaspuni, og í stað þess að telja þær sem hjátrú og hindurviti, leiðir hún þær í ljós að nýju og fegri og fullkomnari en nokkru sinni áður. En sá er munurinn, að guðspekin skýrir þær frá alt öðru sjónarmiði, og sýnir jafnframt, að ýms af þessum trúaratriðum eru reist á reynslunni, en ekki að eins óljósum munnmælum og fornum erfðakenningum. Eitt af slíkum trúaratriðum er trúin á verndar englana. Margar fagar sögur hafa gengið af englum eða andlegum verum, sem hafa komið mönnum til hjálpar, þá er fokið virtist í flest skjól. Og margur maðurinn mundi feginn vilja mega leggja trúnað á slíkar sögur; en til þess að geta gert það, þurfa menn auðvitað að geta gert sér skynsamlega grein fyrir því, að slík hjálp geti átt sér stað. Og eg vona að mér takist að sýna hér fram á, að vér getum að miklu leyti gert ráð fyrir, að mönnum geti komið hjálp frá ósýnilegum heimi.

Trúin á hjálp frá öðrum heimi er æfa forn. Í hinum elztu helgisögum Indverja er meðal annars oft getið um það að öðru hvoru, þá er einhver sérstök hættu var á ferðum, hafi hinir minni máttar guðir skorist í leikinn og komið mönnum til hjálpar. Sama er að sjá í fornum sögulgjóðum Grikkja. Og í sögu Rómverja er sagt, að tvíburarnir Castor og Pollux synir Júpíters, hafi tekið að sér herstjórnina í orustunni við Regillus vatn. Og á miðöldunum er sagt, að Jakob postuli hafi einhverju sinni leitt spanskar hersveitir til sigurs. Og það má heita, að í hverju landi gangi sögur af englum og andlegum verum, sem hafa látið sig hagi dauðlegra manna skifta og frelsað þá frá yfirvofandi hættum. „En þetta er ekki annað en hjátrú og hindurviti,“ segja þeir, sem þykjast vita því nær alt, sem hægt er að vita. Og vera má að svo sé. En þar sem vér verðum varir við almenna hjátrú, sem útbreiðst hefur um öll lönd og haldið sér öld eftir öld, eru æfinlega mikil líkindi til að einhver sannindi leynist á bak við, að hún sé ekki einber hjátrú og heilaspuni. Auðvitað eru flestar slíkar yfirnáttúrlegar sögur öfgakendar og úr lagi færðar og sumar jafnvel reistar á misskilningi og ónákvæmri eftirtekt; en samt sem áður er altaf eitthvert sannleikskorn fólgið í slíkri „hjátrú“, og því er svo farið með trúna á verndar englana.

Flest trúarbrögð halda því fram, að forsjónin láti verndar engil fylgja hverjum manni frá vöggunni til grafarinnar. Og verndar englarnir eiga að hjálpa mönnum, þegar sorg og freisting ber að höndum. Hið sama hefur kristindómurinn kent. En sökum þess, að hann hafði fyllt mæli synda sinna, varð hann fyrir því óláni, að blettur sá féll á hann, er nefndur hefur verið siðbót. Í hinu ægilega umróti, sem hún leiddi af sér, gekk margt gott og nytsamt í súginn, sem meginþorri manna hefur ekki hlotið aftur. Að þörf hafi verið á siðbót, sökum þess að kirkjan hafði spilt meira en góðu hófi gegndi, mun eg sízt af öllu neita, en hitt er jafnvíst, að siðbótin var einhver hin þyngsta refsing, sem gat komið niður á kristindóminn, því að með henni var hann sviftur mörgu hinu fegursta og dýrmætasta, er hann átti til í eigu sinni. Trú mótmælenda hefur að heita má gert fylgismönnum sínum dimt fyrir augum. Og meðal hinna mörgu fáránlegu fávískukeninga, heldur hún því að meira eða minna leyti fram, að engar verur standi á milli mannanna og guðdómsins. Mennirnir eru þær verur, sem ganga næst sjálfum guði, jafnvel þótt þeir séu ekki nema “syndugir jarðarormar“. En þessi kenning elur af sér þá herfilegu fjarstæðu, að sjálfur guðdómurinn, höfundur gervallar tilverunnar, grípi öðru hvoru fram í fyrir þeim lögmálum, sem hann hefur sett, og það eingöngu af því, að honum miklu óvitrari verur mælast til þess. Hann á að taka aftur sínar eigin fyrirskipanir annað veifið og trufla þannig viðburðarásina, af því að menn biðja hann, og er þá jafnframt gert óbeinlínis ráð fyrir, að hann fallist á, að þeir viti betur en hann, hvað þeim er fyrir beztu, og hann þurfi því stöðugt að sjá sig um hönd. Hver maður, sem tryði þessu, yrði jafnframt að gera ráð fyrir, að slíkt fyrirkomulag í stjórn tilverunnar hlyti að hafa meiri eða minni hlutdrægni og ranglæti í för með sér. Aftur á móti heldur Guðspekin því fram, að engin slík hlutdrægni geti nokkru sinni átt sér stað; ef mönnum kemur hjálp frá sjálfum höfundi tilverunnar, þá er það af því, að þeir hafa þá verðskuldað slíka hjálp. Og jafnvel þá mundi hjálpin koma frá sendiboðum hans og ekki beina leið frá honum sjálfum. Vér vitum af því sem vér höfum lesið og nokkrir af oss af eigin reynslu, að það liggja mörg þroskastig á milli guðs og manna, og til eru verur á öllum þeim þroskastigum. Trúin á engla og höfuðengla er því ekki gripin úr lausu lofti; því eins og til eru verur, sem tekið hafa minni þroska en menn, eins eru líka til aðrar verur, sem hafa tekið miklu meiri þroska. Vér vitum að til eru verur, sem eru t. d. að sínu leyti eins hátt upp hafnar yfir megin þorra manna, eins og þeir eru hafnir yfir dýrin. Þær verur nefnum vér engla, og ofar þeim eru svo aðrar völdugar verur, er vér nefnum höfuðengla, og svo eru til enn þá völdugri verur, og svo koll af kolli alla leið upp til lífshöfundarins eða alverunnar. Það má því með sanni segja, að til er óslitin röð af starfandi verum neðan frá duftinu undir fótum vorum og upp til guðs. Þessari röð af lifandi verum hefur verið líkt við stiga, og vér mennirnir erum eitt þrepið í þeim stiga. Þau eru mörg þrepin fyrir neðan oss og mörg fyrir ofan, og hvert þrep er sérstakur veruflokkur. Það væri barnaskapur að hugsa, að vér stæðum á hæsta tindi gervallar framþróunarinnar, og gengjum þar af leiðandi næst sjálfum guði að völdum í tilverunni. Hinir miklu fræðarar og guðmenni, sem hafa komið fram á meðal mannkynsins, hafa sýnt oss, að leiðin að næsta framtíðartakmarki voru er að feta í fótspor þeirra. Slík

ofurmenni eins og þeir Búddha og Kristur og jafnvel fleiri minni fræðarar, ættu því að vera oss fyrirmynd, sem vér kostum af fremsta megni kapps um að líkjast, jafnvel þótt vér séum ekki færir um að líkjast þeim til fulls í þessu lífi.

En vér skulum nú gera ráð fyrir, að mönnum kæmi öðru hvoru sérstök hjálp frá hinum ósýnilega heimi; en eru þá nokkur líkindi til, að hún kæmi frá verum þeim, sem vér nefnum engla? Slíkt gæti auðvitað átt sér stað, en fremur er það þó sjaldgæft. Þeir hafa alt annað og æðra starf með höndum í þarfir framþróunarinnar, og eru því litlar líkur til, að þeir gefi mönnum yfirleitt mikinn gaum. Mörgum mönnum er runninn sá hroki í blóðið, að þeim verður ósjálfrátt að hugsa, að gervöll tilveran hljóti að snúast um þá, og jafnvel hinar æðstu verur séu reiðubúnar að koma þeim til hjálpar, ef á liggur, er þeir hafa sjálfir bakað sér einhver óþægindi með kæruleysi sínu eða flónsku. Þeir gleyma því, að þeir hafa ekki altaf vakandi auga á velferð þeirra vera, sem standa á lægra þroskastigi en þeir sjálfir. Þeir gera sér t. d. ekki að jafnaði far um að hjálpa villidýrum. Hitt er ekki eins sjaldgæft, að þeir koma fram við þá eins og þeir væru miklu fremur djöflar þeir, er rétttrúnaðarstefnan heldur fram að séu til, en menn með nokkrar göfugar tilfinningar. Þeir víla ekki fyrir sér að ráðast á saklaus dýr og lífláta þau eða limlesta, til þess að fullnægja dýrslegri grimdartilhneigingu, og þykjast svo vera með því að temja íþróttir. Stundum halda menn líka dýrum í ánaud og þrælka þau. Þeir bera þó oftast nær nokkra umhyggju fyrir þeim, en oftast aðeins til þess að hafa sem mest not af þeim, en ekki til að flýta fyrir framþróun þeirra. Og hvernig ættu menn svo að geta búizt við því, að verur, sem standa þeim miklu ofar, hugsi ekki um annað en að hjálpa þeim á allar lundir, þar sem þeim ferst ekki betur við yngri systkini sín, dýrin. Vér getum búizt við því, að englarnir hugsi mest um þá starfsemi, sem tilheyrir þeirra tilverustigi, og gefi oss að jafnaði ekki meiri gaum, en vér gefum spörfuglunum, sem eru í trjánnum. Þó getur það öðru hvoru borið við, að verur þessar verði varar við það, að menn eigi að búa við eitthvert sérstakt böll eða séu í hættu staddir, og hrærist þá til meðaumkunar og reyni að hjálpa þeim, að sínu leyti eins og vér réttum stundum ósjálfbjarga villidýri hjálparhönd. En þar sem englar hafa miklu fullkomnari skilning á lífinu en vér, þá er þeim yfirleitt ljóst, að hjálp frá þeim gæti miklu oftast gert oss meira ilt en gott, á meðan vér stöndum á því þroskastigi, sem vér erum nú á. Á fyrri tímum, á meðan mannkynið var í bernsku, kom því iðuleg hjálp frá verum, sem tilheyrðu ekki hinni mannlegu framþróun. En þá var líka enginn meðal mannkynsins, sem var fær um að gerast leiðtogi þess. En nú þegar mannkynið er nokkurn veginn komið til vits og ára, er gert ráð fyrir, að nokkrir af “mannanna sonum” séu færir um að gerast verðir þess og verndarar.

En svo er líka til annar veruflokkur, sem menn þekkja yfirleitt mjög lítið, og á eg þar við verur þær, er vér nefnum einu nafni náttúruanda. Og það er um þekkingu á náttúruöndum eins og svo margt annað, að hún er engin með vísindamönnum, jafnvel þótt hægt sé að fá nokkrar líkur fyrir tilveru þeirra í munnmælasögum og þjóðsögum í ýmsum löndum. Náttúruandar hafa gengið undir ýmsum nöfnum t. d. jarðandar, vættur, dvergar, huldufólk, álfar, loftandar, vatnadísir, marbendlar o. s. frv. Og eins og kunnugt er, fara

margar sögur af náttúruöndum í ýmsum löndum. Þeir eru samt íklæddir sálarlíkama, en aðrir ljósvakalíkama, og eru þar af leiðandi ekki nema einstöku sinnum sýnilegir, þegar sérstök skilyrði eru fyrir hendi. Flestir náttúruandar forðast mannahíbyli, sérstaklega þar sem fjölbyggt er. Þeir kunna sem sé illa allri ókyrð, ástríðum manna og öllum óhreinindum. Þeir, sem sjá þá helzt, eru aðallega menn, sem hafast við þar sem strjálbyggt er og afskekt, til dæmis sveitafólk, er lifir fram til fjalla, fjarri hinu ónæðissama lífi stórborganna. Það ber og við, að einstaka náttúruandi tekur trygð við menn, og vinnur þeim þá alt það gagn, sem hann getur, eins og sjá má á hinum mörgu huldufólkssögum, sérstaklega meðal Háskota. En yfirleitt getum vér þó ekki vænst þess að hljóta verulega hjálp frá náttúruöndum.

En svo eru líka hin miklu guðmenni, meistararnir. Þeir eru menn eins og vér, jafnvel þótt þeir séu svo hátt upp hafnir yfir oss, að þeir eru miklu líkari guðum en mönnum að mætti, vizku og kærleika. Þeir helga líf sitt starfinu í þarfir framþróunarinnar. En væri þá ekki hugsanlegt, að þeir hlutuðust til um hagi manna og réttu þeim stundum hjálparhönd hér í heimi? Slíkt gæti að vísu átt sér stað, en það mun þó vera tiltölulega sjaldan, vegna þess að þeir hafa enn þá mikilvægara starf með höndum, en að hlutast til um hina ytri hagi manna hér í heimi. Fáfróðir menn hafa sumir hverjir álitid, að meistararnir ættu helzt að koma til stórborganna og líkna fátækum – eg segi fáfróðir menn, því að það eru aðeins fáfræðingar einir, sem í fávizku sinni og hroka álíta, að þeir viti betur hvað gera skal en hinir, sem eru þeim óendanlega miklu vitrari. Skynsamur maður, sem er laus við allan sjálfbirgingshátt, gengur að því vísu, að meistararnir muni hafa góða og gilda ástæðu til þess að gera það, sem þeir gera, og að saka þá um að þeir geri ekki það, sem þeim ber að gera, ber vott um ófyrirgefanlega heimsku, þröngsýni og vanþakklæti. Meistararnir starfa á hinum æðri tilverustigum. Þeir leggja aðallega og beinlínis rækt við hið insta eðli manna, og áhrif þeirra á það verður til þess að glæða líf og kraft með því, að sínu leyti eins og sólarylurinn hefur áhrif á vöxt blóma. Og þegar á alt er litið, er það miklu nauðsynlegra kærleiksverk, en þeir gætu gert með því að koma niður til jarðarinnar til þess að lækna sjúka og sjá fátækum fyrir fæðu, jafnvel þótt það væri í sjálfu sér þarft verk og gott. Að fá þá til þess að starfa hér í heimi væri jafnvel margfalt óskynsamlegri hagnýting á viti og kröftum, en að þröngva mestu vísindamönnum heimsins til þess að mylja vegagrjót af þeirri ástæðu, að það starf tilheyrði þessum heimi og yrði til almennings nota; aftur á móti yrði ekki hið vísindalega starf þeirra látið í askana. Vér getum því ekki búizt við, að oss komi mikil hjálp frá meisturunum, á meðan vér dveljum hér í heimi, þar sem þeir hafa miklu nauðsynlegra starf með höndum í æðri heimum.

VIII. Starfandi menn í ósýnilegum heimi.

Það eru aðallega tveir flokkar manna, sem geta veitt oss hjálp frá ósýnilegum heimi, og báðir standa þeir á líku þroskastigi og vér sjálfir. Annan þann flokk nefnum vér framliðna menn. Eins og kunnugt er, þá er sú skoðun víða enn þá ríkjandi, að framliðnir menn séu horfnir eitthvað út í buskann; en það er öðru nær. Þeir dvelja í nánd við oss, jafnvel þótt þeir geti ekki að jafnaði gert sig sýnilega. Og þó þeir sjái ekki vanalega hinn jarðneska líkama vorn, þá verða þeir varir við tilfinningar vorar og vita, hvernig oss líður. Þar af leiðandi þurfa þeir ekki að láta segja sér, hvort vér eigum við eitthvert mótlæti að stríða, og þeir eru á stundum færir um að leysa úr vandræðum vorum. Það gæti því í fljótu bragði sýnt, að vér gætum haft gilda ástæðu til að ætla, að ýmsir framliðnir menn mundu stöku sinnum verða til að rétta oss hjálparhönd frá ósýnilegum heimi, þegar í nauðirnar rekur. En það er aðeins stöku sinnum, að vér fáum beinlínis hjálp frá látnum vinum vorum. Þess ber sem sé að gæta, að framliðinn maður missir stöðugt meira og meira allan áhuga á jarðneskum hlutum, og lifir eftir því meira hugrænu lífi, sem lengra líður frá dauða líkamans. Þar á ofan fjarlægjast þeir fljótast þennan heim, sem þroskaðastir eru – einmitt þeir mannvínir, sem líklegastir væru til þess að hjálpa. En í raun og veru kemur mönnum ef til vill miklu oftár óbeinlínis hjálp frá látnum vinum, en þá grunar, því að mikið af hjálp þeirra er í því fólgin að blása lifandi mönnum þeim hugsunum í brjóst að veita þeim hjálp, sem eru hjálpar þurfar. Og það er þá oftár, að menn hafa litla eða enga hugmynd um, hvaðan þeim koma slíkar hugsanir, en halda helzt, að þeim hafi hugkvæmst þær sjálfum. Stundum er framliðnum manni nauðsynlegt að birtast hér í heimi, til þess að koma einhverju sérstöku í framkvæmd. En látinn maður getur ekki altaf birt, þegar hann vill, því að það er í sjálfu sér miklum erfiðleikum bundið. Það ber því ekki svo sjaldan við, að hann reynir af öllum mætti að koma eftirlifandi ástvinum sínum til hjálpar, en fær engu til vegar komið, og hafa þeir þá enga hugmynd um, hvað hann hefur árangurslaust lagt á sig þeirra vegna. En stundum heppnast látnum manni að birtast hér í heimi, og hef eg skýrt frá nokkrum slíkum dæmum í riti mínu, “*The Other Side of Death*.”

Hinir, sem vér getum gert oss von um að rétti oss hjálparhönd frá ósýnilegum heimi, eru þeir menn, sem eru færir um að starfa í sálarheimum í lifanda lífi – eða ef til vill væri öllu réttara að segja: á meðan þeir bera enn þá jarðneskan líkama, því að orðin „lifandi“ og „dauður“ eru í sjálfu sér allra örgustu öfugmælin, sem hægt er að hugsa sér, það er að segja eins og þau eru alment notuð.

Sannleikurinn er sá, að það erum vér, sem erum svo sokknir ofan í jarðneskt efni, erum á kafi niðri í myrkri jarðlífsins og blindaðir af hinum jarðneska líkama, að vér sjáum ekki ljósið og fegurðina, sem umkringir oss á alla vegu; – já, vissulega eru það miklu fremur vér, sem gætum heitið hinir dauðu, og ekki hinir, sem hafa losnað úr myrkrastofu

jarðneska líkamans, sem standa nú sem skínandi verur hjá oss og njóta hins æðra lífs og eru miklu frjálssari og fá betur notið sín en vér.

Þeir sem hafa lært að starfa í sálarlíkama sínum, og sumir einnig í huglíkamanum, eru flestir lærisveinar meistaranna, sem áður er getið. Lærisveinarnir eru að vísu ekki færir um að hafa hið sama starf með höndum og Meistararnir, þar eð þeir hafa ekki tekið nægilegum þroska. En þeir geta unnið að ýmsu öðru, og eru boðnir og búnir að vinna hvert það verk, sem Meistari þeirra álitur að þeim sé fyrir beztu að fást við, og þeir eru færir um að leysa af hendi. Það ber því stundum við, að þeir sjá frá öðrum heimi, að menn eiga hér við eitthvert mótlæti að stríða, sem þeir eru færir um að bæta úr. Þeir eru þá reiðubúnir að gera alt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að bæta úr böli annara manna. Það ber því oft við, að þeir liðsinna bæði lífs og liðnum mönnum. En vér verðum að hafa það hugfast, að þeir verða að fara eftir vissum reglum og eru háðir sérstökum skilyrðum. Þegar mönnum er kent, hvernig þeir geti öðlast æðri skynjunargáfur, og hvernig þeir geti starfað í öðrum heimum, þá er þeim jafnframt settar ýmsar reglur, sem þeir mega aldrei brjóta. Þeir mega til dæmis aldrei nota slíka hæfileika sína í eigingjörnum tilgangi, né til þess að svala forvitni manna eða halda sýningu á þeim. Þeir mega heldur ekki verja þeim til þess að hnýsast inn í leyndarmál annara manna, og aldrei framleiða nein dularfull fyrirbrigði. Ef þeir vilja, mega þeir flytja skilaboð til dáins manns, en hins vegar mega þeir ekki koma með skilaboð frá honum til vinar hans né vandamanna, nema þeir fái ákveðna skipun til þess frá Meistaránnum. Það er því auðsætt, að engir sannir dulspekingar starfa sem leynilögreglumenn, né setja á stofn fréttastöð, er útbreiðir nýungar frá ósýnilegum heimi. Þeir starfa að því, sem meistarinn býður þeim, án þess að mikið beri á.

En vér skulum nú athuga, hvernig menn fá starfað í ósýnilegum heimi, sjá að hverju leyti þeir eru takmarkaðir, og hvernig menn geta sjálfir gert sig hæfa til þess að verða starfsmenn á æðra tilverustigi. Það er þá fyrst og fremst að athuga það, að maðurinn yfirgefur líkama sinn, um leið og hann sofnar, eða með öðrum orðum: svefninn er í því fólgin, að maðurinn eða meðvitundin hverfur úr líkamanum, sem nýtur þá algerrar hvíldar. En meðvitund mannsins þarfnast engrar hvíldar, því að hún finnur aldrei til þreytu. Það er aðeins jarðneski líkaminn, sem verður þreyttur. Að tala um andlega þreytu er ekki alls kostar rétt, þar sem andinn eða sálin þreytist aldrei, heldur aðeins heilinn. Þegar menn sofna, sem kallað er, nota þeir sálarlíkama sinn í staðinn fyrir jarðneska líkamann, sem sefur á meðan maðurinn vakir á öðru tilverustigi. En ef dulskygn maður athugar sofandi villimann, sér hann, að villimaðurinn er nærri því eins sofandi í sálarheimum og líkami hans er, þar sem hann hvílir. Meðvitund hans er sem sé ekki búin að ná fullum tókum á sálarlíkama hans. Og meðan villimaðurinn er í sálarheimum, má hann ekki fara langt frá jarðneska líkama sínum og hefst því við einhversstaðar í nánd við hann. En ef reynt er að leiða hann frá honum, þá yrði það til þess, að hann hrykki upp með andfælum og óttasleginn.

En ef dulskygn maður athugaði siðaðan mann, sæi hann undir eins að mikill munur væri á honum og villimönnum. Siðaður maður er með fullri meðvitund í sálarlíkama

sínum og hugsar mikið. En samt sem áður gefur hann ekki að jafnaði umhverfinu meiri gaum en villimaðurinn, sem liggur í móki, en eftirtektarleysi hans á rót sína að rekja til annars en þess, sem hamlar villimanninum frá að athuga það, sem umhverfis hann er. Villimaðurinn er sem sé ekki fær um að sjá og athuga sálarheima á meðan líkami hans sefur, en siðaði maðurinn er svo sokkinn ofan í sínar eigin hugsanir, að hann sér ekki það, sem umhverfis hann er. Þar að auki hefur hann ekki tamið sér að beita skynfærum sálarlíkamans á undangengnum æfiskeiðum. Þau hafa þroskast smátt og smátt hið innra með honum, að sumu leyti eins og unginn sem vex í egginu. Og utan um manninn í sálarheimum hefur hlaðizt einskonar skurn eða öllu heldur þokubólstur úr þeim hugsunum, sem hann hefur hugsað um sjálfan sig, og hann sér ekki í gegn um þessa þoku. Hann heldur að jafnaði áfram að hugsa þær hugsanir á nóttunni, sem hann lét hugann dvelja mest við á daginn og veit þá ekki hvað gerist rétt hjá honum. Stundum ber það þó við, að hann verður fyrir sterkum utan að komandi áhrifum, eða að einhver þrá hjá honum verður svo sterk, að hugsanaþokan rofnar utan af honum í svip, svo hann sér það, sem umhverfis hann er. En fyr en varir sígur þokan saman aftur; hann sekkur þá ofan í hugsanir sínar aftur og tekur ekki eftir neinu.

En verða menn þá ekki vaktir af þessu hugleiðingamóki, svo þeir komist til sjálfs sín? Jú, og það getur orðið með fernum hætti. Í fyrsta lagi á það fyrir öllum mönnum að liggja að vakna til fullrar meðvitundar um sálarheima fyr eða síðar. Það er hinn eðlilegi þroski. Í öðru lagi getur hver sá maður, sem hefur gert sér ljósa grein fyrir þessum eðlilega þroska, kostað kapps um að flýta fyrir honum; með þolgæði getur hann smátt og smátt rofið þokuna, svo að hún byrgi honum ekki alt útsýni; og einfaldasta ráðið til þess er, að hann fastsetji sér, áður en hann legst til svefnis, að reyna undir eins og hann er kominn út úr líkama sínum að sjá eitthvað af því, sem gerist í sálarheimum. Slík viðleitni getur ekki haft nein ill eftirköst, ef maðurinn hefur til að bera heilbrigða skynsemi og almennan siðferðisþroska. En sé honum ábótavant að þessu leyti, getur það haft illar afleiðingar. Það er þá tvent, sem hann getur átt á hættu, sem sé, að svo geti farið, að hann misbeiti þeim hæfileika, sem hann hefur öðlzt, og einnig að hann verði yfirbugaður af ótta, er hann finnur návist þeirra krafta, sem hann hvorki skilur né hefur nokkurt vald á. Í þriðja lagi getur það átt sér stað, að annaðhvort slys eða sérstök töfrabrogð verði til þess að svipta svo þokunni sundur, að hún sígur aldrei saman aftur. Þá er slíkt á sér stað, getur svo farið, að maðurinn lifi við stöðugan ótta, eins og maddama Blavatsky hefur lýst svo vel í sögu sinni *A Bewitched life* og sömuleiðis Lord Lytton í hinni snjöllu sögu sinni *Zanoni*. Í fjórða lagi getur svo farið, að aðrir menn, sem starfa í ósýnilegum heimi ráðist í það að rjúfa þokuna utan af einhverjum, sem þeir treysta þá vel og eru nákunnugir. En enginn ræðst í slíkt, nema hann sé alveg sannfærður um, að sá, sem hann kallar þannig til starfa, skorti hvorki áræði né ósérplægni, eða aðra nauðsynlega eðliskosti, til þess að geta starfað í sálarheimum, sé þar af leiðandi líklegur til þess að taka smátt og smátt framförum. Og ef hann hefur flesta þá kosti til að bera, sem menn verða að hafa til þess að geta starfað í

annara þarfir í sálarheimum, eru allar líkur til, að hann verði þá tekinn í sveit hinna ósýnilegu hjálparanda.

En hvers konar störf hafa ósýnilegir hjálparandar með höndum? Eg hef þegar skýrt frá því í bók einni, er eg nefndi *Invisible Helpers*. Og í henni eru meðal annars nokkrar frásagnir um hjálp, sem lifandi menn hafa veitt frá ósýnilegum heimi. Eg vil nú ekki endurrita þær hér, heldur að eins skýra frá því, í hverju starf hinna ósýnilegu hjálparanda er aðallega fólgið. Og auðvitað er það margháttað og minst af því unnið hér í heimi. Aðallega greinist það í tvent, sem sé starf, sem er unnið í þarfir framliðinna, og starf, sem unnið er í þarfir manna hér í heimi.

Að hugga þá menn og hughreysta, sem eiga við sorg og sjúkdóm að búa, er eitt af hinum allra auðveldustu störfum, sem ósýnilegir hjálpendur hafa með höndum; og það geta þeir gert að staðaldri, án þess að sá eða sú, sem þeir hugga eða hughreysta, hafi nokkra hugmynd um, hvaðan þeim kemur andlegt þrek og rósemi til að bera sorg eða mótlæti.

Oft vinna menn líka að því að koma í veg fyrir ófrið eða úlfúð og koma á sættum meðal þeirra, sem hafa ef til vill ekki setið lengi að sárshöfði, vegna þess að þeir hafa haft að einhverju leyti skiftar skoðanir eða ólík áhugamál. Stundum hefur ósýnilegum hjálpendum tekizt að vara menn við yfirvofandi hættu, og koma þannig í veg fyrir slys eða aðra ógæfu. Þess eru og dæmin, að þeir hafa birzt á fjarlægum stöðum og komið mönnum þar áþreifanlega til hjálpar. Stundum hefur þeim verið leyft að gefa mönnum, sem hafa lifað miður siðsömu lífi alvarlegar bendingar og hjálpa þeim til þess að sjá að sér. Og ef ósýnilegur hjálpandi veit að einhver, sem hann þekkir, á fremur í einn tíma en annan við einhverja örðugleika að stríða, leitast hann við að vera þá hjá honum og hafa styrkjandi og huggandi áhrif á hann.

Þá er miklar umbyltingar (eldsumbrot, jarðskjálftar, vatnagangur) eða stórkostleg slys bera að höndum, er jafnan nóg verkefni fyrir þá, sem starfa í ósýnilegum heimi. Stundum getur það borið við, að þeir fái bjargað einum eða tveimur mönnum, þegar fjöldi manns ferst og er þá jafnan sagt, að þeir hafi komist lífs af með „yfirnáttúrlegum hætti“. En slíkt getur þá aðeins átt sér stað, þegar þeir, sem komast þannig lífs af, standa í engri þeirri örlagaskuld, sem getur orðið greidd með því að deyja þeim dauðdaga, sem þá vofir yfir þeim, og segja menn að þá sé auðsætt að ekki séu uppi dagarnir. En yfirleitt starfa hinir ósýnilegu hjálpendur við slík tækifæri, aðallega að því, að blása feigum mönnum þrótt og þor í brjóst, til þess að þeir geti horfzt rólegir í augu við dauðann og taka svo á móti þeim og hjálpa þeim á ýmsar lundir, er þeir vakna til fullrar meðvitundar í sálarheimum.

IX. Að hjálpa framliðnum.

Þá er að líta á mesta og mikilvægasta hluta starfsins í ósýnilegum heimi, sem er fólgin í því, að hjálpa framliðnum mönnum.

En áður en menn eiga hægt með að gera sér ljósa grein fyrir því, verða þeir að losa sig við allar einfeltnislegar og rangar hugmyndir, er meginþorri manna hefir gert sér um líf manna og ástand eftir dauðann. Eins og áður hefur verið tekið fram, þá hverfa menn ekki eitthvað út í himingeiminn né gerbreystast við andlátíð, og verða ekki á einni svipstundu annað hvort að englum eða djöflum, eins og sumir menn halda. Nei, þeir eru sömu mennirnir eftir dauðann, og hvorki betri né verri en þeir voru, áður en þeir skildu við líkamann. Og þeir menn, sem hafa haft einhverjar mætur á oss í lifanda lífi verða að jafnaði hjá oss eftir dauða sinn. En dauðinn hefur haft þau áhrif á þá, að þeir verða margfalt næmari fyrir tilfinningum vorum og hugsunum, en nokkru sinni áður. Þess vegna hefur stjórnlaus sorg og söknuður þeirra, sem eftir lifa, æfinlega ill áhrif á þá, auk þess sem slík sorg er í insta eðli sínu af eigingjörnum rótum runnin. Framliðinn maður verður að jafnaði var við allar tilfinningar og geðhrif, sem bærast í brjósti eftirlifandi ástvina hans. Og ef þeir sökkva sér ofan í örvæntingu og hugarvél, varpa þeir með hugsunum sínum því sorgarmyrkri yfir hann, sem villir honum sýn í sálarheimum, og gerir honum margt erfitt fyrir fyrst í stað. Það væri því æskilegra, að þeir, sem verða að sjá á bak vinum sínum inn um dauðans hlið, reyndu að skoða ástvinamissinn með heilbrigðri skynsemi.

Það er margskonar hjálp, sem má veita framliðnum mönnum. Það er þá fyrst og fremst, að margir – eða jafnvel flestir – nýláttnir menn þarfnast ýmissa skýringa á því, sem þeir sjá og verða varir við fyrst eftir að þeir hafa fluzt alveg til sálarheima. Að vísu hefði átrúnaður þeirra átt að vera búinn að koma þeim í skilninginn um, hvernig umhorfs væri í öðrum heimi og hvernig þeim væri æskilegast að verja lífi sínu þar; en eins og kunnugt er, hafa fæst trúarbrögð nú orðið þá fræðslu um annan heim á boðstólum, er að gagni megi verða. Afleiðingin verður sú, að mörgum nýláttnum manni lízt ekki á blikuna, er hann kemst að raun um, að flest eða allt er öðru vísu eftir dauðann, en hann bjóst við. Og sumir verða jafnvel mjög óttaslegnir, og þurfa þeir þá mjög á hjálp og hughreystingu að halda. Þó tekur út yfir allt, ef þeir koma auga á hin ægilegu hugsanagerfi, sem bæði þeir og þeirra líkar hafa verið að móta öld eftir öld af persónulegum djöfli og hefnigjörnum guði og reiðum, sem engu eirir. Því þegar þeir sjá slík hugsanagerfi, er oft hörmulegt að sjá, hvernig óttinn og skelfingin getur gagntekið menn og gert þá að ósjálfbjarga aumingjum. Og það er ekki að eins afskaplega kveljandi fyrir þá á meðan þeir geta ekki áttað sig á, hvernig á þessum ófreskjum stendur, heldur hefur þessi ótti langvinn áhrif og lamandi á framþróun þeirra. Og þeir, sem hjálpa þeim, verja oft bæði miklum tíma og kröftum, til þess að koma fyrir þá vitinu, og sýna þeim fram á og sannfæra þá um, að slík hugsanagerfi séu ekki annað en hræður, sem þeir hafa sjálfir búið til.

Sumir menn hafa aldrei getað áttað sig á því, hvernig þeir eru sjálfir í raun og veru, fyrir þeir koma inn í sálarheima. Og ef þeir hafa þá varið miður vel lífi sínu, þjást þeir oft af sáru samvizkubiti, er þeir líta yfir líf sitt hér í heimi. Þá þurfa þeir oft á hjálp og huggun að halda. Það þarf þá að sýna þeim fram á, að það er liðið sem liðið er og verður ekki aftur tekið; og sú iðrun, sem nokkuð er í varið, er auðvitað hinn fasti ásetningur að láta sér aldrei verða á samskonar yfirsjónir aftur, en kosta kapps um að bæta fyrir brot sín, þar sem því verður við komið. Og hversu margar syndir, em þeir hafa á samviskunni, þá eru þeir þó ekki glataðar sálir. Það eina sem vit er í fyrir þá, er að byrja að lifa nýju og betra lífi, svo að framtíðin verði fegri en fortíðin. Sumir halda sér dauðahaldi við jarðneska hluti, og fyllast ótta og jafnvel örvæntingu, er þeir komast að raun um, að þeir fjarlægast þá smátt og smátt og missa sjónar á því, sem þeir höfðu mestar mætur á hér í heimi. Aðrir verða jarðbundnir, af því að þeir geta ekki hætt að hugsa um einhvern glæp eða yfirsjón, sem þeir hafa drýgt, eða vanrækt skyldur sínar; og svo eru enn þá aðrir, sem bera mjög mikinn kvíðboga fyrir efnahag eftirlifandi ástvina sinna. Allir slíkir menn þarfnast hjálpar og hluttekningar í kjörum sínum, og stundum verður ekki hjá því komizt, að sá, sem vill hjálpa þeim og hughreysta, starfi líka fyrir þá hér í heimi og losi þá þannig við allan kvíða og áhyggjur, svo að þeir geti þá snúið sér að ýmsum þeim störfum, sem standa í sambandi við líf þeirra í sálarheimum. Eins og kunnugt er, hættir mörgum við að líta fremur á skuggahliðar sambandstrúarhreyfingarinnar. En vér megum ekki gleyma því, að sambandstrúarmenn hafa komið geysimiklu og góðu til leiðar, með því að gefa mörgum framliðnum manni kost á að ráðstafa ýmsu hér í heimi, sérstaklega ef dauðann hefur borið helzt til skyndilega að.

Mönnum ætti að vera það fagnaðarefni að vita, að sá tími, sem líkaminn þarfnast svo mjög til þess að hvílast eftir hita og þunga dagsins, þarf ekki að fara í tóm tómt iðjuleysi; að vér getum starfað á meðan líkaminn sefur. Eg man það, að eg var lengi framan af æfi minni þeirrar skoðunar, að sá tími, sem eg svæfi, færi alveg til ónýtis. En nú er mér það fyllilega ljóst, að forsjónin hefur hagað því betur en svo, að einn þriðji hluti mannsæfningar þurfi endilega að verða oss og öðrum til engra annara nota en endurnæra líkamann. Auðvitað þurfa menn að innræta sér sérstaka eðliskosti, til þess að verða hæfir til þess að starfa í öðrum heimi. Eg hefi skýrt annarsstaðar (The Invisible Helpers) allitarlega frá þeim, og vil því láta nægja að nefna þá aðeins hér.

Í fyrsta lagi verður hver sá maður, sem vill gerast ósýnilegur hjálpanði, að setja sér það mark og mið að hjálpa öðrum, og skoða það sem skyldu sína. Í öðru lagi verður hann að hafa fult vald á sjálfum sér. Hann verður sem sé að forðast eins og heitann eldinn að láta persónulegar tilfinningar ráða nokkru um starfsemi sína, og um fram alt má hann hvorki reiðast né hræðast. Í þriðja lagi verður hann að vera rólyndur og þó glaðlyndur. Menn, sem eru sjálfir dapurlyndir og órósamir, eru ekki vel til þess fallnir að hughreysta aðra. Og mikið af þeirri starfsemi, sem menn hafa með höndum í öðrum heimi, er fólgin í því að hughreysta aðra og hugga. Í fjórða lagi verða menn að hafa aflað sér þekkingar. Þeir verða að hafa kynnt sér ástandið í öðrum heimi, svo að þeir þurfi ekki sjálfir að fá fræðslu hjá

öðrum, er þeir ætla að leiðbeina þeim, sem þeir vilja hjálpa. Þess er ekki að vænta, að þeir, sem eru þeim fremri, vilji þá eyða tímanum í það að kenna þeim það í öðrum heimi, sem þeim ætti að vera innan handar að læra hér. Í fimta lagi verða menn að vera lausir við alla eigingirni; þeir mega ekki láta sér verða sú heimska á að firtast, þó eitthvað af því, sem þeir gera verði tekið annan veg en þeir höfðu ætlast til. Þeir verða að læra þann vanda að hætta að hugsa um sjálfa sig, en aðeins um það starf, sem þeir hafa með höndum, og taka fegins hendi við hverju því starfi, sem þeim býðst, hvort sem það er að þeirra dómi lítilvægt eða mikilvægt, og án þess að fyllast öfund eða ofmetnaði. Í sjötta lagi verða menn að vera gagnteknir af kærleika – ekki óverulegum munklökkva, sem aldrei kemur fram í verki, heldur í óslökkvandi þrá til þess að þjóna öðrum, gerast farvegur fyrir kærleika guðs til mannanna, sem eins og friður guðs „yfirgengur mannlegan skilning.“

Vera má, að mörgum virðist það ógerningur að innræta sér þessa eðliskosti, sem hér eru taldir nauðsynlegir, en þó er það áreiðanlegt, að það er á flestra manna færi, ef þeir leggja mjög kapp á að innræta sér þá. En auðvitað tekur það nokkurn tíma. Takmarkið, sem vér verðum að setja oss, er að vísu hátt, en enginn þarf þó að örvænta að ná því hér í þessu lífi. En hann verður að hafa einbeittan vilja og hug á því að gera sig hæfan til þess að inna hið dýrðlega hlutverk af hendi, sem er í því fölgandi að hjálpa þeim, sem eru hjálpar þurfar og hjálpar verðir. Og á meðan vér erum að búa oss undir þetta starf, getum vér byrjað á því að leysa þau minni háttar hjálparstörf af hendi, sem vér erum færir um að vinna. Það má heita, að allir menn viti af einhverjum, sem þeir geti rétt hjálparhönd, annað hvort hérna eða hinumegin grafar – einhverjum, sem á við sorg eða böll að búa. Og ef þú veizt af einhverjum slíkum manni, þá skalt þú ásetja þér, áður en þú ferð að sofa, að fara undir eins og þú ert kominn út úr líkamanum rակleitt til hans og hugga hann eða hughreysta. En það má búast við, að þú munir ekki, er þú vaknar, að þú hafir fundið hann. En það eitt er þó áreiðanlegt, að ef þú hefur fastsett þér að finna hann, þá hefur þú farið til hans, hvort sem þig rekur minni til þess eða ekki. Þú getur verið viss um, að þú hefur gert að minsta kosti eitthvað af því, sem þú hafðir hugsað þér að gera. Og fyr eða síðar muntu fá óræka sönnun fyrir því, að þú hafir ekki verið iðjulaus í hinum ósýnilega heimi. Og þú verður að hafa það hugfast, að eins og vér hjálpum, verður oss sjálfum hjálpað. Og mundu það, að vér erum allir, hinn æðsti sem hinn lægsti, eitt bræðrafélag, og vér verðum að vinna saman og hjálpa hver öðrum; og jafnvel, þótt vér stöndum nú neðarlega í mannlífsstiganum, þar sem jarðlífsþokan beltar sig um neðstu þrepin, en það á fyrir oss að liggja að komast hærra upp í hinn guðdómlega dýrðarljóma, sem skín frá eilífð til eilífðar.